

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 139/2014

2015/EES/46/18

frá 12. febrúar 2014

um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

að setja skilyrði fyrir hönnun og öruggum rekstri flugvalla,
sem um getur í 5. mgr. 8. gr. a.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1108/2009 ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 8. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 216/2008 er stefnt að því að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugum í Evrópu.
- 2) Framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 216/2008 krefst þess að komið verði á ítarlegum framkvæmdarreglum, sérstaklega að því er varðar öryggisreglur fyrir flugvelli til þess að viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugum í Sambandinu á sama tíma og leitast er við að ná markmiðinu um heildarúrbætur á öryggi á flugvöllum.
- 3) Því er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin samþykki, fyrir 31. desember 2013, nauðsynlegar framkvæmdarreglur til

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 13.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 51.

- 4) Til að tryggja snurðulausa umbreytingu og öryggi á háu stigi í almenningsflugum í Sambandinu ættu framkvæmdarreglurnar að endurspeglar nýjustu tækni sem völ er á og bestu starfsvenjur á sviði flugvalla, taka tillit til viðeigandi krafna og ráðlagðra starfsvenja Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og virða þannig viðeigandi flokkun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í öllu reglukerfinu og taka tillit til reynslu af rekstri flugvalla um heim allan og til framfara í vísindum og tækni á sviði flugvalla, vera í réttu hlutfalli við stærð, umferð, flokk og flækjustig flugvallar og eðli og umfang rekstursins, veita möguleika á nauðsynlegum sveigjanleika til að uppfylla kröfur með sérsniðnum hætti ásamt því að taka tillit til þeirra tilvika þar sem grunnvirki flugvallar hafa verið byggð upp fyrir gildistöku þessarar reglugerðar í samræmi við mismunandi kröfur löggjafar aðildarríkjanna.

- 5) Nauðsynlegt er að flugvallaiðnaðinum og stjórnsýslustofnunum aðildarríkjanna sé veittur nægilegur tími til að aðlagast nýja reglurammanum og til að sannreyna áframhaldandi gildi skírteina sem gefin voru út fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 6) Í því skyni að tryggja samræmi við beitingu sameiginlegra krafna er mikilvægt að lögbær yfirvöld og, eftir atvikum, Flugöryggisstofnun Evrópu („Flugöryggisstofnunin“), beiti sameiginlegum stöðlum þegar metið er hvort þessar kröfur séu uppfylltar. Flugöryggisstofnunin ætti að semja viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur og leiðbeiningar til að greiða fyrir nauðsynlegri samræmingu reglna. Sameiginlegu kröfurnar ættu að taka mið af sams konar ferlum hjá lögbærum yfirvöldum þvert á mismunandi svið flugmála. Þær ættu þó ekki að koma

í veg fyrir að notuð séu lítillga frábrugðin ferli, ef og þegar það telst nauðsynlegt eða gagnlegt, t.d. þegar flugvallir og flugrekstur eru ekki undir eftirliti sömu eininga. Öryggismarkmið þessara krafna ætti að haldast óbreytt þó um sé að ræða ólíkar aðferðir við að uppfylla tæknilegar kröfur.

- 7) Með tilliti til stjórnunar á hindrunum í umhverfi flugvallarins, sem og annarri starfsemi sem á sér stað utan svæðamarka flugvallarins, má hvert aðildarríki tilnefna mismunandi yfirvöld og aðrar einingar til þess að vakta, meta og draga úr þessari áhættu. Markmið þessarar reglugerðar er ekki að breyta núverandi verkefnaskiptingu innan aðildarríkis. Hvert aðildarríki ætti þó að tryggja að valdsvið sé aðgreint með skýrum hætti í því skyni að vernda umhverfi flugvallarins og til að vakta og draga úr áhættu sem stafar af starfsemi manna. Það ætti því að tryggja að yfirvöld, sem falið er að bera ábyrgð á að vernda flugvallarsvæðið, hafi fullnægjandi valdsvið til að uppfylla skyldur sínar.
- 8) Í B-kafli IV. viðauka (hluta ADR.OPS) eru tilgreindar sérstakar tegundir þjónustu sem eiga að vera í boði á flugvelli. Í sumum tilvikum veitir rekstraraðili flugvallar ekki þessa þjónustu sjálfur, heldur annar aðili eða ríkiseining, eða samsetning af þessu tvennu. Í slíkum tilvikum ætti rekstraraðili flugvallar, sem ber ábyrgð á rekstri flugvallarins, að koma á tilhögun og samskiptaleiðum við þessa aðila eða einingar til að tryggja að þjónustan sé veitt í samræmi við kröfurnar í IV. viðauka. Þegar slík tilhögun og samskiptaleiðir eru fyrir hendi ætti að líta svo á að rekstraraðili flugvallar hafi sinnt skyldum sínum og ætti hann ekki að teljast bera neina beina ábyrgð á eða vera ábyrgur fyrir því ef önnur eining að samkomulaginu uppfyllir ekki tilskildar kröfur, að því tilskildu að hún hafi farið að öllum viðeigandi kröfum og skyldum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, sem snerta ábyrgð hennar samkvæmt fyrirkomulaginu.
- 9) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 tekur aðeins til flugvallarskírteina, sem lögbært yfirvald á að gefa út, að svo miklu leyti sem það snertir öryggisþætti. Þættir í gildandi landsbundnum flugvallarskírteinum, sem ekki tengjast öryggi, haldast því óbreyttir.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitum sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fótt með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Efni og gildissvið

1. Í reglugerð þessari er mælt fyrir um nákvæmar reglur varðandi:
 - a) skilyrðin fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um þann vottunargrunn sem gildir um tiltekinn flugvöll eins og sett er fram í II. og III. viðauka,
 - b) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteini fyrir flugvelli og aðila sem bera ábyrgð á rekstri flugvallarins, þ.m.t. takmörkun á rekstri, sem tengist tiltekinni hönnun flugvallarins, eins og sett er fram í II. og III. viðauka,
 - c) skilyrðin fyrir því að reka flugvöll í samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í V. viðauka a og, ef við á, V. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 216/2008, eins og fram kemur í IV. viðauka,
 - d) ábyrgð handhafa skírteina, eins og sett er fram í III. viðauka,
 - e) skilyrðin fyrir því að viðurkenna og breyta gildandi flugvallarskírteinum, sem aðildarríkin hafa gefið út,
 - f) skilyrðin fyrir ákvörðun um að heimila ekki undanþágur, sem um getur í 3. mgr. b 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, þ.m.t. viðmiðanir fyrir farmflugvelli, tilkynning um undanþegna flugvelli og endurskoðun á veittum undanþágum,
 - g) við hvaða skilyrði rekstur skal bannaður, takmarkaður eða háður tilteknum skilyrðum í öryggisskyni, eins og sett er fram í III. viðauka,
 - h) tiltekin skilyrði og verklag, að því er varðar yfirlýsingar frá veitendum hlaðstjórnunarþjónustunnar, sem um getur í e-lið 2. mgr. 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 216/2008, eins og sett er fram í II. og III. viðauka, og eftirlit með þeim.
2. Lögbær yfirvöld, sem fást við vottun og sinna eftirliti með flugvöllum, rekstraraðilar flugvallar og veitendur hlaðstjórnunarþjónustu, skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka.
3. Rekstraraðilar flugvallar og veitendur hlaðstjórnunarþjónustu skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

4. Rekstraraðilar flugvalla skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.

2. gr:

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „flugvöllur“: tiltekið svæði (þ.m.t. allar byggingar, mannvirki og búnaður) á landi eða á vatni eða á föstu mannvirki, föstu eða fljótandi mannvirki úti fyrir strönd, sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til afnota við komur og brottfarir loftfara eða hreyfingar þeirra á jörðu niðri,
- 2) „flugvél“: vélknúð loftfar, þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á vængfleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur,
- 3) „loftfar“: tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftþúðaáhrifa við yfirborð jarðar,
- 4) „hlað“: skilgreint svæði sem ætlað er fyrir loftför við hleðslu eða afhleðslu farþega, pósts eða farms, áfyllingu eldsneytis, stöðu eða viðhald,
- 5) „hlaðstjórnunarþjónusta (e. *apron management service*)“: þjónusta, sem veitt er, til að stjórna aðgerðum og hreyfingum loftfara og ökutækja á hlaði,
- 6) „úttekt“: kerfisbundið, sjálfstætt og skjalfest ferli til að safna sönnunargögnum og leggja hlutlægt mat á þau til að ákvarða að hve miklu leyti kröfurnar eru uppfylltar,
- 7) „vottunarforskriftir“: tæknistaðlar, sem Flugöryggisstofnunin samþykkir, þar sem tilgreindar eru aðferðir til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar og sem aðili má nota vegna vottunar,
- 8) „lögbært yfirvald“: það yfirvald sem er tilnefnt í hverju aðildarríki með nauðsynlegar valdheimildir og ábyrgð til að fást við vottun og sinna eftirliti með flugvöllum, sem og með starfsfólki og aðilum sem koma að rekstri hans,
- 9) „samfellt eftirlit“: sú vinna sem lögbært yfirvald innir af hendi á hverjum tíma í því skyni að framkvæma eftirlitsáætlunina til að sannreyna að skilyrðin fyrir veitingu skírteinisins séu jafnan uppfyllt á meðan skírteinið er í gildi,
- 10) „skjal samþykktra frábrigða og aðgerða“ (e. *Deviation Acceptance and Action Document, DAAD*): skjal sem lögbært yfirvald útbýr til að taka saman sönnunargögn sem lögð eru fram til að rökstyðja samþykki á frábrigðum frá þeim vottunarforskriftum sem Flugöryggisstofnunin gefur út,
- 11) „skoðun“: sjálfstætt mat til að meta hvort farið sé að viðeigandi kröfum þar sem stuðst er við athuganir og álit og, ef þörf er á, mælingu, prófun eða kvörðun,
- 12) „hreyfing“: annaðhvort flugtak eða landing,
- 13) „hindrun“: allir fastir (hvort heldur til bráðabirgða eða frambúðar) og hreyfanlegir hlutir, eða hlutar þeirra, sem:
 - eru staðsettir á svæði sem ætlað er til hreyfinga loftfara á jörðu niðri eða
 - ná hærra en skilgreindur flötur sem á að vera hindrunarlaus til verndar loftförum á flugi eða
 - eru utan þessara skilgreindu flata og teljast skapa hættu fyrir flugumferð,
- 14) „hindranaflötur“: flötur sem skilgreinir mörk þess sem hindranir mega ná inn í loftrýmið,
- 15) „hindranavarnarflötur“: flötur sem ætlaður er fyrir aðflugshallaljós, en hlutir eða viðbætur við hluti eru ekki leyfðar fyrir ofan þetta svæði nema þegar hlutaðeigandi yfirvald álitur að nýi hluturinn eða viðbótin fái skjól af óhreyfanlegum hlut sem fyrir er.

3. gr:

Eftirlit með flugvöllum

1. Aðildarríki skulu tilnefna eina einingu eða fleiri sem lögbært yfirvald með nauðsynlegar valdheimildir og ábyrgð til að fást við vottun og sinna eftirliti með flugvöllum, sem og með starfsfólki og aðilum sem koma að rekstri hans.
2. Lögbæra yfirvaldið skal vera óháð rekstraraðilum flugvalla og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu. Unnt er að fullnægja þessari kröfu um óháði með aðgreiningu, a.m.k. á starfræna stiginu, á milli lögbæra yfirvaldsins og þessara rekstraraðila flugvalla og veitenda hlaðstjórnunarþjónustu. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld beiti valdi sínu af óhlutdrægni og á gagnsæjan hátt.

3. Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en eina einingu sem lögbært yfirvald skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- a) hvert lögbært yfirvald skal bera ábyrgð á sérstaklega skilgreindum verkefnum og ákveðnu landsvæði og
- b) koma skal á samvinnu milli þessara yfirvalda til að tryggja skilvirkt eftirlit með öllum flugvöllum og flugvallarrekendum sem og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlega getu og úrræði til að uppfylla kröfurnar sem gerðar eru til þeirra samkvæmt þessari reglugerð.

5. Aðildarríki skulu tryggja að starfsfólk lögbærra yfirvalda sinni ekki eftirlitsstarfsemi þegar eitthvað bendir til þess að það gæti valdið hagsmunaárekstrum, beint eða óbeint, sérstaklega að því er varðar hagsmuni tengda fjölskyldu eða fjárhag.

6. Starfsfólk, sem hefur heimild lögbærs yfirvalds til að sinna verkefnum er lúta að vottun og/eða eftirliti, skal hafa vald til að inna af hendi a.m.k. eftirfarandi verkefni:

- a) að rannsaka skrár, gögn, verklagsreglur og annað efni sem viðkemur framkvæmd verkefna er lúta að vottun og/eða eftirliti,
- b) að taka afrit af eða gera útdrátt úr slíkum skráum, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni,
- c) að óska eftir munnlegum skýringum á staðnum,
- d) að fá aðgang að flugvöllum, viðkomandi húsnæði, starfrækslusvæðum eða öðrum viðeigandi svæðum og flutningatækjum,
- e) að framkvæma úttektir, rannsóknir, prófanir, æfingar, mat og skoðanir,
- f) að grípa til framfylgdarráðstafana eða hefja þær, eins og við á.

7. Verkefni í 6. mgr. skulu innt af hendi í samræmi við landslöggið aðildarríkjanna.

4. gr.

Upplýsingar til Flugöryggisstofnunar Evrópu

Innan þriggja mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin upplýsa Flugöryggisstofnun Evrópu („Flugöryggisstofnunina“) um heiti, staðsetningar og ICAO-kóða flugvallanna og nöfn á rekstraraðilum flugvalla, ásamt fjölda farþega og hreyfingum á farmi á þeim flugvöllum sem ákvæði reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og þessarar reglugerðar gilda um.

5. gr.

Undanþágu

1. Innan eins mánaðar frá því að aðildarríki hefur ákveðið að veita undanþágu í samræmi við 3. mgr. b í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skal það tilkynna Flugöryggisstofnuninni um ákvörðun sína. Upplýsingarnar, sem sendar eru til Flugöryggisstofnunarinnar, skulu innihalda skrá yfir viðkomandi flugvelli, nafn rekstraraðila flugvallarins og fjölda farþega og hreyfinga á farmi á flugvellinum á viðkomandi ári.

2. Aðildarríkið skal árlega skoða tölurnar yfir umferð á flugvöllum sem hafa hlotið undanþágu. Ef umferð á slíkum flugvelli hefur í þrjú ár samfellt farið yfir þær tölur sem kveðið er á um í 3. mgr. b í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skal aðildarríkið tilkynna Flugöryggisstofnuninni um það og afturkalla undanþáguna.

3. Framkvæmdastjórnin getur hvenær sem er ákveðið að heimila ekki undanþágu í eftirfarandi tilvikum:

- a) almenn öryggismarkmið reglugerðar (EB) nr. 216/2008 eru ekki uppfyllt,
- b) farið hafi verið yfir viðeigandi tölur yfir fjölda farþega og hreyfingar á farmi í þrjú ár samfleytt,
- c) undanþágan er ekki í samræmi við aðra viðeigandi löggjöf ESB.

4. Hafi framkvæmdastjórnin ákveðið að undanþágan sé ekki heimil skal hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla undanþáguna.

6. gr.

Breyting skírteina

1. Skírteini, sem lögbæra yfirvaldið gefur út fyrir 31. desember 2014 á grundvelli landslögjafar, skulu halda gildi sínu þar til þau eru gefin út í samræmi við þessa grein, eða ef engin slík skírteini eru gefin út, þá til 31. desember 2017.

2. Áður en tímabilinu, sem tilgreint er í 1. mgr., er lokið skal lögbæra yfirvaldið gefa út skírteini fyrir viðkomandi flugvelli og rekstraraðila flugvalla, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) vottunargrunnurinn, sem um getur í II. viðauka, hefur verið ákveðinn með notkun vottunarforskrifta sem Flugöryggisstofnunin gefur út að meðtöldum öllum tilvikum þar sem jafngilt öryggisstig og sérstök skilyrði hafa verið tilgreind og skjalfest,
- b) handhafi skírteinisins hefur sýnt fram á að kröfur vottunarforskrifta, sem eru frábrugðnar þeim landsbundnu kröfum sem útgáfa núverandi skírteinis var byggð á, séu uppfylltar,

- c) handhafi skírteinisins hefur sýnt fram á að þær kröfur í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar sem gilda um fyrirtæki handhafa og rekstur þess og sem eru ólíkar þeim landsbundnu kröfum sem útgáfa núverandi skírteinis var byggð á, séu uppfylltar.
3. Þrátt fyrir b-lið 2. mgr. getur lögbært yfirvald ákveðið að falla frá kröfunni um að sýnt sé fram á að kröfur séu uppfylltar ef það telur að það hafi í för með sér óhóflega fyrirhöfn.
4. Lögbært yfirvald skal halda skrár yfir skjölin sem tengjast málsmeðferðinni við að breyta skírteinum í a.m.k. fimm ár.

7. gr.

Frábrigði frá vottunarforskriftum

1. Ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt getur lögbæra yfirvaldið tekið við umsóknum um skírteini til 31. desember 2024, þ.m.t. umsóknum um frábrigði frá vottunarforskriftunum, sem Flugöryggisstofnunin gefur út:
- a) frábrigðin uppfylla ekki kröfurnar um jafngilt öryggisstig samkvæmt ADR.AR.C.020 né kröfurnar um sérstök skilyrði samkvæmt ADR.AR.C.025 í II. viðauka við þessa reglugerð,
- b) frábrigðin voru fyrir hendi áður en þessi reglugerð tók gildi,
- c) frábrigðin, og ef við á, viðbættar mildandi ráðstafanir og aðgerðir til úrbóta, uppfylli grunnkröfurnar í V. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 216/2008,
- d) öryggismat til stuðnings hverju frábrigði hafi verið framkvæmt.
2. Lögbært yfirvald skal taka saman sönnunargögnin, sem sýna fram á að þau skilyrði sem um getur í 1. mgr. séu uppfyllt, í skjali samþykktra frábrigða og aðgerða (DAAD). Skjal samþykktra frábrigða og aðgerða skal fylgja með skírteininu. Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina gildistíma skjals samþykktra frábrigða og aðgerða.
3. Rekstraraðili flugvallarins og lögbæra yfirvaldið skulu staðfesta að skilyrðin, sem um getur í 1. mgr., séu enn uppfyllt. Ef skilyrðin eru ekki uppfyllt skal skjali samþykktra frábrigða og aðgerða breytt, það fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað.

8. gr.

Verndun flugvallarumhverfis

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að samráð fari fram að því er varðar þau áhrif á öryggi sem byggingar, sem fyrirhugað er að

reisa innan marka hindranaflatarins og hindranavarnarflatarins, sem og annarra flata sem tengjast flugvellinum, kunna að hafa.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að samráð fari fram að því er varðar þau áhrif á öryggi sem byggingar, sem fyrirhugað er að reisa út fyrir mörk hindranaflatarins og hindranavarnarflatarins sem og annarra flata, sem tengjast flugvellinum, sem eru umfram þá hæð sem aðildarríkin ákvarða, kunna að hafa.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að vernd flugvalla, sem eru staðsettir nálægt landamærum annarra aðildarríkja, sé samræmd.

9. gr.

Vöktun flugvallarumhverfis

Aðildarríki skulu tryggja að samráð fari fram að því er varðar starfsemi manna og landnotkun, s.s:

- a) hvers konar byggingastarfsemi eða breyting á landnotkun á flugvallarsvæðinu,
- b) hvers konar byggingastarfsemi, sem getur valdið því að hindranir valdi ókyrrð í lofti, sem getur verið hættuleg starfrækslu loftfara,
- c) notkun hættulegra, ruglandi og villandi ljósa,
- d) notkun flata sem valda miklu endurvarpi og geta valdið glýju,
- e) gerð svæða, sem geta leitt til aukinnar virkni villtra lífvera, sem er skaðleg starfrækslu loftfara,
- f) uppruna geislunar, sem ekki er sýnileg, eða tilvist færanlegra eða fastra hluta sem geta haft truflandi eða skaðleg áhrif á nothæfi fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarkerfa í flugi.

10. gr.

Stjórnun hættu af völdum villtra lífvera

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hættan á árekstri við villtar lífverur sé metin:
- a) með því að koma á landsbundnu verklagi við skráningu og tilkynningar um árekstur loftfars við villtar lífverur,
- b) með söfnun upplýsinga frá umráðendum loftfara, starfsfólki flugvalla og öðrum aðilum um tilvist villtra lífvera, sem geta mögulega skapað hættu fyrir starfrækslu loftfara og
- c) með áframhaldandi mati til þess bærar starfsfólks á hættu sem stafar af villtum lífverum.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skýrslum um árekstur við villtar lifverur sé safnað saman og þær sendar áfram til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar svo hægt sé að setja þær inn í gagna- og upplýsingabanka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um árekstur fugla við loftför (e. *ICAO Bird Strike Information System* (IBIS)).

11. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Lögbær yfirvöld, sem sjá um vottun flugvalla, rekstraraðila flugvalla og veitenda hlaðstjórnunarþjónustu og annast eftirlit með þeim, skulu uppfylla kröfurnar, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa reglugerð, fyrir 31. desember 2017.

3. Ákvæðin í III. og IV. viðauka gilda um flugvelli sem hafa fengið vottun í samræmi við 6. gr. frá og með útgáfudegi skirteinisins.

4. Flugvellir, sem hafa hafið vottunarmálsmeðferð fyrir 31. desember 2014 en hafa ekki fengið útgefið skirteini fyrir þá dagsetningu, skulu aðeins fá slíkt útgefið þegar þeir hafa uppfyllt ákvæði þessarar reglugerðar.

5. Liðirnir ADR.AR.C.050 og ADR.OR.B.060 í II. og III. viðauka við þessa reglugerð gilda frá og með þeim degi sem framkvæmdarreglurnar um veitingu hlaðstjórnunarþjónustu öðlast gildi. Liðirnir ADR.AR.A.015 í II. viðauka og ADR.OR.A.015 í III. viðauka gilda um veitendur hlaðstjórnunarþjónustu frá og með þeim degi sem framkvæmdarreglurnar um veitingu hlaðstjórnunarþjónustu öðlast gildi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í II.-IV. viðauka

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur“ (AMC): staðlar sem eru ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt, til að sýna fram á aðferðir til að tryggja að kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar séu uppfylltar,
- 2) „tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak“ (e. *accelerate-stop distance available* (ASDA)): tiltæk lengd flugtaksbruns að viðbætti lengd öryggisbrautar, ef slíkt er fyrir hendi,
- 3) „flugturnsþjónusta“: flugstjórnarþjónusta veitt vegna flugvallarumferðar,
- 4) „flugvallabúnaður“: hvers konar búnaður, tæki, fylgihlutir, hugbúnaður eða aukahlutir sem notaðir eru eða ætlaðir til að styðja við starfrækslu loftfara á flugvelli,
- 5) „flugmálagögn“: formleg framsetning staðreynda, hugtaka eða leiðbeininga um flugmál sem eru viðeigandi fyrir samskipti, túlkun eða vinnslu,
- 6) „upplýsingaþjónusta flugmála“: þjónusta sem er stofnuð innan skilgreinds rýmis og sem er ábyrg fyrir að miðla flugmálaupplýsingum og gögnum sem nauðsynleg eru til að tryggja öryggi, reglufestu og skilvirkni í flugleiðsögu,
- 7) „flugleiðsöguþjónusta“: flugumferðarþjónusta, fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónusta, veðurþjónusta fyrir flugleiðsögu og upplýsingaþjónusta flugmála,
- 8) „flugumferðarþjónusta“: mismunandi tegundir flugupplýsingaþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu um flugumferð og flugstjórnarþjónustu (flugstjórnarsvæðisþjónusta, aðflugsstjórnarþjónusta og flugturnsþjónusta),
- 9) „flugstjórnarþjónusta“: þjónusta sem er veitt í þeim tilgangi:
 1. að koma í veg fyrir árekstur:
 - milli loftfara og
 - milli loftfars og hindrana á umferðarsvæði flugvallar og
 2. að flýta fyrir og stuðla að skipulegri flugumferð,
- 10) „loftfarastæði“: tiltekið svæði á hlaði sem er ætlað til að leggja loftfari,
- 11) „akrein loftfarastæðis“: hluti hlaðs, merktur sem akbraut og eingöngu ætlaður til að komast að loftfarastæðum,
- 12) „aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur“: aðferðir þar sem lagt er til valkostur sem er frábrugðinn núverandi viðurkenndum aðferðum til að uppfylla kröfur eða aðferðir þar sem lagt er til nýjar aðferðir til að uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar þegar Flugöryggisstofnunin hefur ekki samþykkt neinar aðrar viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur,
- 13) „viðbúnaðarþjónusta“: þjónusta sem veitt er til að tilkynna viðeigandi aðilum um loftför sem þarfnast leitar- og björgunaraðstoðar og til að aðstoða slíka aðila eftir þörfum,
- 14) „akbraut á hlaði“: hluti akbrautarkerfis á hlaði sem er ætlaður til að aka yfir hlaðið,
- 15) „hindrunarlaust klífursvæði“: skilgreint réttthyrnt svæði á láði eða legi undir stjórn viðkomandi einingar, valið eða undirbúið sem svæði þar sem hluti af frumklífri flugvélar í tiltekna hæð getur farið fram,

- 16) „hættulegur varningur“: hlutir eða efni sem geta stofnað heilbrigði, öryggi, eignum eða umhverfinu í hættu og sem er að finna í skránni yfir hættulegan varning í Tæknilegu fyrirmælunum eða sem eru flokkuð í samræmi við Tæknilegu fyrirmælin,
- 17) „gagnagæði“: mælikvarði á tiltrú þess að gögnin sem veitt eru uppfylli kröfur gagnanotanda að því er varðar nákvæmni, upplausn og heilleika,
- 18) „tilgreindar viðmiðunarvegalengdir“:
- „tiltækt flugtaksbrun (TORA)“,
 - „tiltæk flugtaksvegalengd (TODA)“,
 - „tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak (ASDA)“,
 - „tiltæk landingarvegalengd (LDA)“,
- 19) „flugupplýsingaþjónusta“: þjónusta sem veitt er í þeim tilgangi að veita ráð og upplýsingar sem nýtast til öruggrar og skilvirkrar framkvæmdar flugs,
- 20) „meginreglur um mannlega þætti“: meginreglur sem varða flugtæknilega hönnun, vottun, þjálfun, starfrækslu og viðhald og er leitast við með reglunum að setja upp örugga tengingu milli manna og kerfisíhluta með því að taka tilhlýðilegt tillit til mannlegrar getu,
- 21) „mannleg geta“: mannleg færni og takmarkanir sem hafa áhrif á öryggi og skilvirkni í flugi,
- 22) „blindflugsbraut“ (e. *instrument runway*): ein af eftirtöldum tegundum flugbrauta sem er ætluð loftföllum sem fljúga samkvæmt blindaðflugsverklagi:
1. „flugbraut fyrir grunnaðflug (e. *non-precision approach runway*)“: blindflugsbraut með bæði sjónrænum leiðsögutækjum og öðrum leiðsögutækjum, sem veita a.m.k. stefnuleiðsögu sem nægir fyrir beint aðflug,
 2. „flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug, I. flokkur“ (e. *precision approach runway, category I*): blindflugsbraut með bæði sjónrænum leiðsögutækjum og öðrum leiðsögutækjum, ætluð til starfrækslu með ákvörðunarhæð sem er ekki undir 60 m (200 fetum) og annaðhvort við skyggni sem er ekki minna en 800 m eða flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 550 m,
 3. „flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug, II. flokkur“ (e. *precision approach runway, category II*): blindflugsbraut með bæði sjónrænum leiðsögutækjum og öðrum leiðsögutækjum, ætluð til starfrækslu með ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (200 fetum) en ekki undir 30 m (100 fetum) og flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 300 m,
 4. „flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug, III. flokkur“: blindflugsbraut með bæði sjónrænum leiðsögutækjum og öðrum leiðsögutækjum að og eftir yfirborði flugbrautar og:
 - A. ætluð til starfrækslu með ákvörðunarhæð sem er undir 30 m (100 fetum) eða enga ákvörðunarhæð og flugbrautarskyggni ekki minna en 175 m eða
 - B. ætluð til starfrækslu með ákvörðunarhæð sem er undir 15 m (50 fetum) eða enga ákvörðunarhæð og flugbrautarskyggni minna en 175 m en ekki minna en 50 m eða
 - C. ætluð til starfrækslu með enga ákvörðunarhæð og enga takmörkun á flugbrautarskyggni,
- 23) „heilleiki“: ákveðin trygging fyrir því að fluggögn og gildi þeirra hafi ekki týnst eða verið breytt frá gagnasköpun eða frá því að breyting þeirra var heimiluð,
- 24) „tiltæk landingarvegalengd“ (LDA): lengd flugbrautar sem hefur verið lýst tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í landingu,

- 25) „verklag í lélegu skyggni“: verklagsreglur á flugvöllum sem miða að því að tryggja öryggi í aðflugi skv. I. flokki við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði, skv. II. flokki við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði og II. og III. flokki og við flugtak í lélegu skyggni,
- 26) „flugtak í lélegu skyggni“ (LVTO): flugtak með flugbrautarskyggni sem er undir 400 m en þó ekki minna en 75 m,
- 27) „starfræksla við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki“: blindaflug og landing skv. I. flokki þar sem notuð er ákvörðunarhæð skv. I. flokki með flugbrautarskyggni sem er minna en það sem vanalega tengist gildandi ákvörðunarhæð, en þó ekki minna en 400 m,
- 28) „umferðarsvæði“: sá hluti flugvallar, sem ætlaður er fyrir flugtök, landingar og akstur loftfara, þó ekki hlöð,
- 29) „veðurþjónusta“: sá búnaður og þjónusta sem lætur loftfari í té veðurspár, yfirlit og athuganir sem og hvers konar aðrar veðurupplýsingar og gögn sem veitt eru af ríkjum til notkunar fyrir flug,
- 30) „marki“ (e. *marker*): sýnilegur hlutur ofan jarðyfirborðs sem gefur til kynna hindrun eða sýnir mörk,
- 31) „flugvallarmerking“ (e. *marking*): eitt eða fleiri tákni á yfirborði athafnasvæðis sem varðar flugumferð,
- 32) „athafnasvæði“: sá hluti flugvallar sem ætlaður er fyrir flugtök, landingar og akstur loftfara, þ.e. umferðarsvæði og hlað/hlöð,
- 33) „leiðsöguþjónusta“: sá búnaður og þjónusta sem lætur í té upplýsingar um stöðu og tíma loftfara,
- 34) „sjónflugsbraut“: flugbraut ætluð loftförum sem fljúga samkvæmt sjónaðflugsverklagi,
- 35) „starfræksla við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki“: nákvæmnisblindaflug og -landing þar sem notað er blindlandingarkerfi (ILS) eða örbylgjulendingarkerfi (MLS) þar sem sumir eða allir þættir lýsingar fyrir nákvæmnisaðflug skv. II. flokki eru ekki tiltækir og þar sem:
 - ákvörðunarhæð (DH) er undir 200 fetum en ekki minni en 100 fet og
 - flugbrautarskyggni (RVR) er ekki undir 350 m,
- 36) „eftirlitslota“: tímabil þar sem staðfest er að áfram sé farið að kröfum,
- 37) „flýtiakbraut“ (e. *rapid exit taxiway*): akbraut tengd flugbraut með hvössu horni og hönnuð til aksturs af flugbraut eftir landingu með meiri hraða en kleift er á öðrum akbrautum út af flugbraut svo að dvöl á flugbraut verði sem styst,
- 38) „flugbraut“: afmarkað, réttþyrnt svæði á flugvelli sem er gert fyrir landingu og flugtak loftfara,
- 39) „tegund flugbrautar“: blindflugsbraut eða sjónflugsbraut,
- 40) „flugbrautarskyggni“: sú fjarlægð sem flugmaður loftfars á miðlinu flugbrautar getur eygt á yfirborðsmerkingum flugbrautarinnar eða þeim ljósum sem afmarka hana eða auðkenna miðlinu hennar,
- 41) „öryggisstjórnunarkerfi“: kerfisbundin nálgun við öryggisstjórnun, þ.m.t. nauðsynlegt stjórnskipulag, ábyrgðarskylda, stefnumál og verklagsreglur,
- 42) „öryggisbraut“: skilgreint, réttþyrnt svæði á jörðu niðri við enda tiltæks flugtaksbruns sem er útbúið þannig að þar er hægt að stöðva loftfar ef hætt er við flugtak,

- 43) „tiltæk flugtaksvegalegd“ (e. *take-off distance available* (TODA)): tiltæk lengd flugtaksbruns að viðbættri lengd tiltæks hindrunarlauss klifursvæðis, ef slíkt er fyrir hendi,
- 44) „tiltækt flugtaksbrun“ (e. *take-off run available* (TORA)): lengd flugbrautar sem hefur verið lýst tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í flugtaki,
- 45) „akbraut“: tiltekin braut á flugvelli á landi, gerð fyrir akstur loftfara og ætluð til tengingar milli mismunandi hluta flugvallar, þ.m.t.:
- akrein loftfarastæðis,
 - akbraut á hlaði,
 - flýtiakbraut,
- 46) „Tæknileg fyrirmæli“: nýjasta, gildandi útgáfa af „*Tæknilegum fyrirmælum um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis*“ (skjal nr. 9284-AN/905), ásamt viðbættum og hvers konar viðbótum sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samþykkt og birt,
- 47) „skilmálar skirteinis“:
- staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,
 - skilyrði fyrir starfrækslu (sjónflug/blindflug, dagur/nótt),
 - flugbraut — tilgreindar viðmiðunarvegalengdir,
 - tegund/tegundir flugbrauta og aðflug í boði,
 - viðmiðunarkóði flugvalla,
 - umfang starfrækslu loftfara sem hafa hærri viðmiðunarkóða en flugvöllurinn,
 - veiting hlaðstjórnunarþjónustu (já/nei),
 - verndarstig björgunar- og slökkvistarfs,
- 48) „sjónræn leiðsögutæki“: vísi- og merkjabúnaður, flugvallarmerkingar, ljós, tákni og markar eða samsetning þessa.
-

*II. VIÐAUKI***Kröfur sem gerðar eru til yfirvalda — flugvellir (ADR.AR-hluti)****A-KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR (ADR.AR.A)****ADR.AR.A.001 Gildissvið**

Í þessum viðauka eru settar kröfur, sem gilda um lögbær yfirvöld, sem sjá um vottun flugvalla, rekstraraðila flugvalla og veitanda hlaðstjórnunarþjónustu og annast eftirlit með þeim.

ADR.AR.A.005 Lögbært yfirvald

Lögbært yfirvald, sem er tilnefnt af því aðildarríki þar sem flugvöllurinn er staðsettur, skal bera ábyrgð á:

- a) vottun flugvalla og rekstraraðila flugvalla og eftirliti með þeim,
- b) eftirliti með veitendum hlaðstjórnunarþjónustu.

ADR.AR.A.010 Eftirlitsgögn

- a) Lögbært yfirvald skal útvega hlutaðeigandi starfsfólki allar lagagerðir, staðla, reglur, tæknirit og tengd skjöl til að það geti innt af hendi verkefni sín og skyldur.
- b) Lögbært yfirvald skal gera lagagerðir, staðla, reglur, tæknirit og tengd skjöl aðgengileg rekstraraðilum flugvalla og öðrum hagsmunaaðilum til að greiða fyrir því að þeir geti uppfyllt viðeigandi kröfur.

ADR.AR.A.015 Aðferðir til að uppfylla kröfur

- a) Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem má nota til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar. Hafi viðurkenndum aðferðum verið beitt til að uppfylla kröfur teljast samsvarandi kröfur í framkvæmdarreglunum uppfylltar.
- b) Nota má aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að staðfesta samræmi við framkvæmdarreglurnar.
- c) Lögbært yfirvald skal koma á fót kerfi til að meta með samræmdum hætti hvort aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem yfirvaldið notar sjálft eða sem rekstraraðilar flugvalla eða veitendur hlaðstjórnunarþjónustu undir þeirra eftirliti nota, geri kleift að uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar.
- d) Lögbært yfirvald skal meta tillögur rekstraraðila flugvallar eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu hvað varðar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, í samræmi við ADR.OR.A.015, með því að greina gögnin sem eru lögð fram og, ef það er talið nauðsynlegt, að framkvæma skoðun hjá rekstraraðila flugvallar, á flugvellingum eða hjá veitanda hlaðstjórnunarþjónustu.

Þegar lögbært yfirvald telur að aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu leggur til, séu í samræmi við framkvæmdarreglur, skal það án ástæðulausrar tafar:

- 1) tilkynna umsækjanda að hrinda megi í framkvæmd öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur og, ef við á, breyta skírteini eða samþykki umsækjandans í samræmi við það,
- 2) tilkynna Flugöryggisstofnuninni um innihald þeirra, þ.m.t. afrit af viðeigandi skjölum,
- 3) tilkynna öðrum aðildarríkjum um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem samþykktar voru og
- 4) tilkynna öðrum vottuðum flugvöllum, sem eru staðsettir í aðildarríki lögbæra yfirvaldsins, eins og við á.

e) Þegar lögbært yfirvald notast sjálfst við aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að samrýmast reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, skal það:

- 1) gera þær tiltækar rekstraraðilum flugvalla og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu, sem eru undir eftirliti þess, og
- 2) tilkynna Flugöryggisstofnun um þær án ástæðulausrar tafar.

Lögbært yfirvald skal útvega Flugöryggisstofnuninni nákvæma lýsingu á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur, þ.m.t. allar breytingar á verklagi sem geta skipt máli, auk mats sem sýnir fram á að farið sé að framkvæmdarreglum.

ADR.AR.A.025 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunar

- a) Lögbæra yfirvaldið skal án ástæðulausrar tafar tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma vandamál við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal veita Flugöryggisstofnun upplýsingar sem varða öryggi, sem komnar eru til vegna tilkynninga um atvik sem því hefur borist.

ADR.AR.A.030 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

- a) Með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB ⁽³⁾ skal lögbært yfirvald taka upp kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti.
- b) Flugöryggisstofnunin skal taka upp kerfi til að greina með viðeigandi hætti allar viðeigandi upplýsingar sem henni berast um öryggismál og til að veita aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni tafarlaust allar upplýsingar, þ.m.t. tilmæli eða aðgerðir til úrbóta sem grípa á til, sem nauðsynlegar eru til þess að þau geti brugðist tímanlega við öryggisvandamáli sem tengist flugvöllum, rekstraraðilum flugvalla og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.
- c) Við móttöku upplýsinganna, sem um getur í a- og b-lið, skal lögbært yfirvald grípa til viðunandi aðgerða til að ráða bót á öryggisvandamálinu, þ.m.t. málum sem tengjast tilskipunum um öryggi í samræmi við ADR.AR.A.040.
- d) Ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt c-lið, skulu tafarlaust tilkynntar þeim rekstraraðilum flugvalla eða veitendum hlaðstjórnunarþjónustu sem þurfa að fara að þeim samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnun um þessar ráðstafanir sem og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar ráðstafanir krefjast sameiginlegra aðgerða.

ADR.AR.A.040 Fyrirmæli um öryggi

- a) Lögbært yfirvald skal gefa út fyrirmæli um öryggi ef það hefur komist að því að um sé að ræða óruggar aðstæður, sem krefjast tafarlausra aðgerða, þ.m.t. að sýnt sé fram á að allar breytingar eða viðbætur við vottunarforskriftir, sem Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og sem lögbæra yfirvaldið telur að nauðsynlegt sé að sýna fram á, standist kröfur.
- b) Fyrirmæli um öryggi skulu send áfram til hlutaðeigandi rekstraraðila flugvalla eða veitenda hlaðstjórnunarþjónustu og skulu að lágmarki fela í sér eftirfarandi upplýsingar:
 - 1) lýsingu á óruggu aðstæðunum,
 - 2) upplýsingar um hvaða hönnun, búnaður eða starfræksla á í hlut,
 - 3) aðgerðir sem krafist er og rökstuðning þeirra, þ.m.t. breytingar eða viðbætur við vottunarforskriftir sem fara þarf að,
 - 4) hver fresturinn er til að fara að aðgerðunum, sem krafist er, og
 - 5) gildistökudaginn.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23.

- c) Lögbært yfirvald skal senda Flugöryggisstofnuninni afrit af tilskipuninni um öryggi.
- d) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta að rekstraraðilar flugvalla og veitendur hlaðstjórnunarþjónustu fari að viðeigandi tilskipunum um öryggi.

B-KAFLI — STJÓRNUN (ADR.AR.B)

ADR.AR.B.005 Stjórnunarkerfi

- a) Lögbært yfirvald skal koma á fót og viðhalda stjórnunarkerfi sem inniheldur a.m.k.:
 - 1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur til að lýsa stjórnskipulagi sínu, úrræðum og aðferðum við að uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar; verklagsreglurnar skulu jafnan uppfærðar og notaðar sem grundvallarvinnuskjöl hjá þessu lögbæra yfirvaldi fyrir öll tilheyrandi verkefni,
 - 2) nægilegan fjölda starfsfólks til að sinna verkefnum sínum og skyldum, þ.m.t. skoðunarmenn flugvalla; starfsfólkið skal vera hæft til að inna af hendi störf sem því er úthlutað og hafa nauðsynlega þekkingu, reynslu, grunnþjálfun, þjálfun í starfi og reglubundna þjálfun í starfi til að tryggja áframhaldandi hæfni; skipulagskerfi skal vera til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til taks til að tryggja að öll tengd verkefni séu innt af hendi með fullnægjandi hætti,
 - 3) viðunandi aðstöðu og skrifstofuhúsnæði til að inna af hendi úthlutaðum verkefnum,
 - 4) formlegt ferli til að vakta að stjórnunarkerfið uppfylli viðeigandi kröfur og að verklagsreglur séu fullnægjandi, þ.m.t. að koma á fót ferli fyrir innri úttektir og ferli fyrir öryggistengda áhættustjórnun.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal tilnefna fyrir hvert athafnasvið í stjórnkerfinu, einn eða fleiri einstaklinga sem bera heildarábyrgð á stjórn viðeigandi verkefnis eða verkefna.
- c) Lögbært yfirvald skal setja verklagsreglur um gagnkvæm skipti á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld.

ADR.AR.B.010 Úthlutun verkefna til hæfra eininga

- a) Aðildarríki skal aðeins úthluta verkefnum, sem tengjast fyrstu vottun eða samfelldu eftirliti með einstaklingum eða aðilum sem heyra undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, til hæfra eininga. Þegar verkefnum er úthlutað skal lögbært yfirvald tryggja að aðilinn hafi:
 - 1) yfir að ráða kerfi fyrir upphafsmat og stöðugt mat á því að hæfa einingin uppfylli kröfur V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008;

þetta kerfi og niðurstöðurnar úr matinu skulu skjalfest,
 - 2) komið á skjalfestu samkomulagi við hæfu eininguna, sem báðir aðilar hafa samþykkt á viðeigandi stjórnunarstigi, þar sem tilgreint er með skýrum hætti:
 - i. verkefni sem inna á af hendi,
 - ii. yfirlýsingar, skýrslur og skrár sem leggja skal fram,
 - iii. tæknileg skilyrði, sem skulu uppfyllt þegar slík verkefni eru innt af hendi,
 - iv. tilheyrandi bótaábyrgð og
 - v. verndun upplýsinga sem aflað er þegar slík verkefni eru innt af hendi.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að innra úttektarferlið og ferlið fyrir öryggistengda áhættustýringu, sem gerð er krafa um í 4. lið a-liðar ADR.AR.B.005, nái yfir öll verkefni í tengslum við vottun eða samfelld eftirlit sem framkvæmd eru fyrir hönd yfirvaldsins.

ADR.AR.B.015 Breytingar á stjórnunarkerfinu

- a) Lögbæra yfirvaldið skal hafa yfir að ráða kerfi til að auðkenna breytingar, sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf, eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar. Þetta kerfi skal gera því kleift að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að stjórnunarkerfið verði áfram fullnægjandi og árangursríkt.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra stjórnunarkerfi sitt tímanlega til að endurspegla allar breytingar á reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar.

ADR.AR.B.020 Skráahald

- a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gefur möguleika á viðunandi geymslu, aðgengi að og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar:
 - 1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur stjórnunarkerfisins,
 - 2) þjálfun, menntun og hæfi og heimildir starfsfólks þess,
 - 3) úthlutun verkefna til hæfra eininga, sem ná yfir þættina sem gerð er krafa um í ADR.AR.B.010 sem og upplýsingar um úthlutun verkefni,
 - 4) vottunarferli flugvalla og rekstraraðila flugvalla og samfellt eftirlit með þeim,
 - 5) yfirlýsingarferli veitanda hlaðstjórnunarþjónustu og samfellt eftirlit með þeim,
 - 6) gögn varðandi tilvik um jafngilt öryggisstig eða sérstök skilyrði, sem tilgreind eru í vottunargrunninum, sem og öll hugsanleg skjöl samþykktara frábrigða og aðgerða,
 - 7) mat og tilkynningar til Flugöryggisstofnunarinnar hvað varðar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem rekstraraðilar flugvalla og veitendur hlaðstjórnunarþjónustu leggja til, og mat á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur, sem lögbæra yfirvaldið notast sjálf við,
 - 8) frávík, aðgerðir til úrbóta og dagsetningar fyrir lok aðgerða og athugana,
 - 9) framfylgdarráðstafanir sem gerðar hafa verið,
 - 10) upplýsingar um öryggismál og ráðstafanir til eftirfylgni,
 - 11) notkun ákvæða um sveigjanleika í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir öll skírteini sem það hefur gefið út og yfirlýsingar sem það hefur tekið á móti.
- c) Skrár, sem tengjast vottun flugvallar og rekstraraðila flugvallar eða yfirlýsingu frá veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, skulu geymdar á meðan skirteinið eða yfirlýsingin er í gildi, eins og við á.
- d) Gögn sem tengjast 1.–3. lið a-liðar og 7.–11. lið a-liðar skulu geymd í a.m.k. fimm ár með fyrirvara um viðeigandi lög um gagnavernd.

C-KAFLI — EFTIRLIT, VOTTUN OG FRAMFYLGD (ADR.AR.C)

ADR.AR.C.005 Eftirlit

- a) Lögbært yfirvald skal staðfesta:
- 1) að vottunargrunnurinn og allar kröfur, sem eiga við um flugvelli og rekstraraðila flugvalla, séu uppfyllt áður en samþykki eða skirteini er gefið út,
 - 2) á grundvelli tilkynningarskyldu, að vottunargrunnurinn og kröfurnar, sem eiga við um flugvelli og rekstraraðila flugvalla eða veitendur hlaðstjórnunarþjónustu, séu ávallt uppfyllt og
 - 3) að hrundið verði í framkvæmd viðeigandi öryggisráðstöfunum í samræmi við c- og d-lið í ADR.AR.A.030.
- b) Þessi sannprófun skal:
- 1) studd skjölum með leiðbeiningum fyrir starfsfólk sem ber ábyrgð á öryggiseftirliti varðandi það hvernig það eigi að sinna störfum sínum,
 - 2) veita hlutaðeigandi rekstraraðilum flugvalla og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu niðurstöður úr öryggiseftirlitinu,
 - 3) byggjast á úttektum og skoðunum, þ.m.t. fyrirvaralausum skoðunum, eftir því sem við á, og
 - 4) veita lögbæra yfirvaldinu þær sannanir sem nauðsynlegar eru, ef þörf er á frekari aðgerðum, þ.m.t. fyrirhugaðar ráðstafanir samkvæmt ADR.AR.C.055.
- c) Umfang eftirlitsins skal ákvarðað á grundvelli niðurstaðna úr fyrri eftirlitsstarfsemi og tilgreindra forgangsverkefna varðandi öryggi.
- d) Lögbæra yfirvaldið skal safna og vinna úr öllum upplýsingum, sem teljast gagnlegar við eftirlit, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, eins og við á.
- e) Innan ramma eftirlitsheimilda sinna getur lögbæra yfirvaldið ákveðið að krefjast fyrirframsamþykkis fyrir hvers konar hindrunum, nýbyggingum og annarri starfsemi á þeim svæðum sem rekstraraðili flugvallar vaktar í samræmi við ADR.OPS.B.075, sem gætu stofnað öryggi í hættu og truflað starfrækslu flugvallar.

ADR.AR.C.010 Eftirlitsáætlun

- a) Fyrir hvern rekstraraðila flugvallar og veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, sem veitir lögbæra yfirvaldinu yfirlýsingu um starfsemi sína, skal lögbæra yfirvaldið:
- 1) koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun, sem nær yfir eftirlitsstarfseminu sem krafist er samkvæmt ADR.AR.C.005,
 - 2) nota hentuga eftirlitslotu, sem er að hámarki 48 mánuðir.
- b) Eftirlitsáætlunin skal fela í sér úttektir og skoðanir innan ramma hvernar eftirlitslotu, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, eftir því sem við á.
- c) Eftirlitsáætlunin og -lotan skulu endurspeglar öryggisframmistöðu rekstraraðila flugvallarins og áhættu flugvallarins.
- d) Í eftirlitsáætluninni skulu vera skrár yfir dagsetningar þegar úttektir og skoðanir eiga að fara fram og hvenær úttektirnar og skoðanirnar hafa átt sér stað.

ADR.AR.C.015 Vottunarferli hafið

- a) Við móttöku umsóknar um fyrstu útgáfu skírteinis skal lögbæra yfirvaldið meta umsóknina og staðfesta að viðeigandi kröfur séu uppfylltar.
- b) Ef um er að ræða flugvöll, sem fyrir er, skal lögbært yfirvald mæla fyrir um með hvaða skilyrðum rekstraraðili flugvallarins eigi að starfa á vottunartímabilinu, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að stöðva þurfi tímabundið starfrækslu flugvallarins. Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa rekstraraðila flugvallarins um fyrirhugaða tímaáætlun fyrir vottunarferlið og ljúka við vottunina eins fljótt og við verður komið.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða vottunargrunninn og tilkynna umsækjanda þar um í samræmi við ADR.AR.C.020.

ADR.AR.C.020 Vottunargrunnur

Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða vottunargrunninn og tilkynna umsækjandanum þar um og skal hann samanstanda af:

- a) vottunarforskriftunum, sem Flugöryggisstofnunin gefur út og lögbæra yfirvaldið telur eiga við um hönnun flugvallarins og tegund starfrækslu, sem eru í gildi daginn sem sótt er um skírteinið, nema:
 - 1) umsækjandi kjósi að hlíta breytingum sem öðlast gildi síðar eða
 - 2) lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegt að hlíta breytingum sem öðlast gildi síðar,
- b) öllum ákvæðum, sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt jafngilt öryggisstig fyrir og sem umsækjandi á að sýna fram á,
- c) öllum sérstökum skilyrðum, sem mælt er fyrir um í samræmi við ADR.AR.C.025, sem lögbæra yfirvaldið telur að nauðsynlegt sé að taka með í vottunargrunninn.

ADR.AR.C.025 Sérstök skilyrði

- a) Lögbært yfirvald skal mæla fyrir um sérstakar, nákvæmar tækniforskriftir, kallaðar sérstök skilyrði, fyrir flugvöll, ef hlutaðeigandi vottunarforskriftir sem Flugöryggisstofnun gefur út og sem um getur í a-lið ADR.AR.C.020, eru ófullnægjandi eða óviðeigandi, til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar í V. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 216/2008, vegna þess að:
 - 1) ekki er unnt að uppfylla vottunarforskriftirnar vegna efnislegra, staðfræðilegra eða sambærilegra takmarkana sem tengjast staðsetningu flugvallarins,
 - 2) flugvöllurinn hefur hönnunareinkenni sem eru ný eða óvenjuleg eða
 - 3) reynsla af starfrækslu flugvallarins eða annarra flugvalla, sem hafa svipuð hönnunareinkenni, hefur sýnt að öryggi kunni að vera stofnað í hættu.
- b) Sérstöku skilyrðin skulu innihalda tækniforskriftir, þ.m.t. takmarkanir eða verklagsreglur sem fara skal að, sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegar til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum, sem settar eru í V. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

ADR.AR.C.035 Útgáfa skírteina

- a) Lögbæra yfirvaldið getur farið fram á hverskyns skoðun, prófun, öryggismat eða æfingu sem það telur nauðsynlegt áður en það gefur út skírteinið.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal annaðhvort gefa út:
 - 1) stakt flugvallarskírteini eða
 - 2) tvö aðgreind skírteini, annað fyrir flugvöllinn og hitt fyrir rekstraraðila flugvallarins.

- c) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út það/þau skirteini sem mælt er fyrir um í b-lið þegar rekstraraðili flugvallar hefur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á það með fullnægjandi hætti að hann uppfylli kröfurnar í ADR.OR.B.025 og ADR.OR.E.005.
- d) Skirteinið skal teljast innihalda vottunargrunn flugvallarins, handbók flugvallarins og, ef við á, öll önnur rekstrarskilyrði eða takmarkanir, sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um og sem mælt er fyrir um í skjölum samþykktra frábrigða og aðgerða.
- e) Skirteinið skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Réttindi rekstraraðila flugvallarins og sú starfsemi sem hann hefur heimild til að annast skulu tilgreind í skilmálum skirteinisins.
- f) Ef öðrum viðeigandi aðilum er falin ábyrgð skulu þeir greinilega auðkenndir og skráðir.
- g) Framkvæma skal öryggismat á öllum opnum frávikum, að undanskildum fyrsta stigs frávikum og frávikum sem hefur ekki verið lokað fyrir vottunardaginn, gerðar skulu nauðsynlegar mildunarráðstafanir til að draga úr áhættu af þeirra völdum og skal lögbæra yfirvaldið samþykkja áætlun um aðgerðir til úrbóta til að loka frávikunum.
- h) Til að gera rekstraraðila flugvallar kleift að gera breytingar án fyrirframsamþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við d-lið ADR.OR.B.040 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja verklag þar sem umfang slíkra breytinga er skilgreint og því lýst hvernig slíkar breytingar verða meðhöndlaðar og þær tilkynntar.

ADR.AR.C.040 Breytingar

- a) Við móttöku umsóknar um breytingu, í samræmi við ADR.OR.B.40, sem krefst fyrirframsamþykkis, skal lögbæra yfirvaldið meta umsóknina og, ef við á, tilkynna rekstraraðila flugvallar um:
 - 1) viðeigandi vottunarforskriftir, sem Flugöryggisstofnunin gefur út, sem eiga við um fyrirhugaða breytingu og sem eru í gildi á þeim degi sem sótt er um, nema:
 - a) umsækjandi kjósi að hlíta breytingum sem öðlast gildi síðar eða
 - b) lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegt að hlíta breytingum sem öðlast gildi síðar,
 - 2) allar aðrar vottunarforskriftir sem Flugöryggisstofnunin gefur út og lögbæra yfirvaldið telur að tengist beint fyrirhugaðri breytingu,
 - 3) öll sérstök skilyrði sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um í samræmi við ADR.AR.C.025 og sem yfirvaldið metur nauðsynleg, og breytingar á þeim, og
 - 4) breyttan vottunargrunn, ef fyrirhuguð breyting hefur áhrif á hann.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja breytinguna þegar rekstraraðili flugvallar hefur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á með fullnægjandi hætti að hann uppfylli kröfurnar í ADR.OR.B.040 og, ef við á, ADR.OR.E.005.
- c) Ef samþykkt breytingin hefur áhrif á skilmála skirteinisins skal lögbæra yfirvaldið breyta þeim.
- d) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja hvert það skilyrði sem rekstraraðili flugvallar skal starfa eftir meðan á breytingunni stendur.
- e) Ef rekstraraðili flugvallarins gerir breytingar, sem krefjast fyrirframsamþykkis, án þess að hafa fengið samþykki lögbæra yfirvaldsins, eins og skilgreint er í a-lið, skal lögbæra yfirvaldið taka það til athugunar hvort þörf sé á því að fella tímabundið úr gildi, takmarka eða afturkalla skirteini rekstraraðilans, með fyrirvara um aðrar framfylgdarráðstafanir.

- f) Hvað varðar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skal lögbæra yfirvaldið meta upplýsingarnar, sem fram koma í tilkynningunni sem rekstraraðili flugvallarins sendir í samræmi við d-lið ADR.OR.B.040, til að staðfesta viðeigandi stjórnun þeirra og staðfesta að þær uppfylli vottunarforskriftirnar og aðrar viðeigandi kröfur, sem eiga við um breytinguna. Séu einhverjar kröfur ekki uppfylltar skal lögbæra yfirvaldið:

- 1) tilkynna rekstraraðila flugvallarins um þær kröfur sem ekki eru uppfylltar og fara fram á frekari breytingar og
- 2) ef um er að ræða fyrsta eða annars stigs frávik, fara eftir ákvæðum ADR.AR.C.055.

ADR.AR.C.050 Yfirlýsingar frá veitendum hlaðstjórnunarþjónustu

- a) Þegar lögbæra yfirvaldið tekur á móti yfirlýsingu frá veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, sem hyggst veita slíka þjónustu á flugvelli, skal yfirvaldið ganga úr skugga um að yfirlýsingin innihaldi allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt ADR.OR-hluta og staðfesta móttöku yfirlýsingarinnar við þennan aðila.
- b) Ef yfirlýsingin inniheldur ekki tilskildar upplýsingar, eða inniheldur upplýsingar, sem gefa til kynna að viðeigandi kröfur séu ekki uppfylltar, skal lögbæra yfirvaldið tilkynna veitanda hlaðstjórnunarþjónustu og rekstraraðila flugvallarins þar um og fara fram á frekari upplýsingar. Ef nauðsynlegt er framkvæmir lögbæra yfirvaldið skoðun á veitanda hlaðstjórnunarþjónustu og rekstraraðila flugvallarins. Ef það er staðfest að kröfur séu ekki uppfylltar skal lögbært yfirvald grípa til þeirra aðgerða sem tilgreindar eru í ADR.AR.C.055.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir yfirlýsingarnar frá þeim veitendum hlaðstjórnunarþjónustu sem eru undir eftirliti þess.

ADR.AR.C.055 Frávik, athugasemdir, aðgerðir til úrbóta og framfylgdarráðstafanir

- a) Lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti í samræmi við a-lið ADR.AR.C.005, skal búa yfir kerfi til að greina frávik vegna öryggissjónarmiða.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út fyrsta stigs frávik þegar það kemur í ljós að ekki er farið að mikilvægum atriðum í vottunargrunninum fyrir flugvöllinn, í gildandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, í verklagsreglum og handbókum rekstraraðila flugvallarins eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, í skilmálum skírteinisins eða í sjálfu skírteininu eða í innihaldi yfirlýsingar sem dregur úr öryggi eða stofnar öryggi verulega í hættu.

Fyrsta stigs frávik telst m.a. vera eftirfarandi:

- 1) þegar lögbæru yfirvaldi er ekki veittur aðgangur að flugvellinum og aðstöðu rekstraraðila flugvallarins eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, eins og skilgreint er í ADR.OR.C.015, þann hluta dags sem starfsemin fer fram og eftir tvær skriflegar beiðnir þar um,
 - 2) þegar lögð eru fram fölsuð skjöl til að fá eða viðhalda gildi skírteinis,
 - 3) þegar sannanir eru um misferli eða sviksamlega notkun skírteinis og
 - 4) þegar það er enginn ábyrgðarmaður.
- c) Lögbært yfirvald gefur út annars stigs frávik þegar það kemur í ljós að ekki er farið að vottunargrunni flugvallarins, viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, að verklagsreglum og handbókum rekstraraðila flugvallarins eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, að skilmálum skírteinis eða innihaldi yfirlýsingar, sem gæti dregið úr öryggi eða hugsanlega stofnað öryggi í hættu.

- d) Þegar frávik greinist við eftirlit eða með einhverjum öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið, með fyrirvara um allar viðbótaraðgerðir, sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, senda rekstraraðila flugvallarins eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu skriflega ábendingu um frávik og fara fram á aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á frávikinu eða frávikunum sem greindust.
- 1) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða til að banna eða takmarka starfsemi, og ef við á, grípa til aðgerða til að afturkalla skirteinið eða afskrá yfirlýsinguna eða til að takmarka eða ógilda skirteinið eða yfirlýsinguna tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fráviksins, þar til rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu hefur lokið aðgerðum til úrbóta með viðunandi hætti.
 - 2) Þegar um er að ræða annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið:
 - a) veita rekstraraðila flugvallarins eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu frest til að framkvæma aðgerðir til úrbóta, sem eru tilgreindar í aðgerðaáætlun sem er viðeigandi fyrir eðli fráviksins og
 - b) meta aðgerðirnar til úrbóta og framkvæmdaáætlunina, sem rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu leggur til, og samþykkja þær ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að ráða bót á vanefndaratriðunum.
 - 3) Ef rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða framkvæmir ekki aðgerðirnar til úrbóta innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, skulu frávikin hækkuð upp í fyrsta stigs frávik og gripið skal til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í 1. lið d-liðar.
 - 4) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, sem það hefur bent á, og, þar sem við á, þær framfylgdarráðstafanir sem það hefur beitt sem og allar aðgerðir til úrbóta og þá dagsetningu sem aðgerð vegna frávika er lokið.
- e) Ef ekki er um að ræða fyrsta eða annars stigs frávik er lögbæra yfirvaldinu heimilt að gera athugasemdir.

III. VIÐAUKI

Kröfur um stjórnskipulag — rekstraraðilar flugvalla (ADR.OR-hluti)

A-KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR (ADR.OR.A)

ADR.OR.A.005 Gildissvið

Í þessum viðauka eru settar kröfur sem eftirfarandi aðilum ber að uppfylla:

- a) rekstraraðilar flugvalla, sem falla undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 að því er varðar vottun, stjórnun, handbækur og aðrar skyldur og
- b) veitendur hlaðstjórnunarþjónustu.

ADR.OR.A.010 Lögbært yfirvald

Í þessum hluta telst lögbært yfirvald vera það yfirvald sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem flugvöllurinn er staðsettur.

ADR.OR.A.015 Aðferðir til að uppfylla kröfur

- a) Rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu má nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur en þær sem eru viðurkenndar af Flugöryggisstofnun til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.
- b) Þegar rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur en þær sem eru viðurkenndar og samþykktar af Flugöryggisstofnun til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar skal hann veita lögbæra yfirvaldinu ítarlega lýsingu á þeim áður en þeim er hrint í framkvæmd. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókum eða verklagsreglum sem gætu skipt máli, sem og mat sem sýnir fram á að farið sé að framkvæmdarreglum.

Rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustunnar má hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins og eftir að hafa móttekið tilkynningu eins og lýst er í d-lið ADR.AR.A.015.

- c) Þegar rekstraraðili flugvallar veitir ekki sjálfur hlaðstjórnunarþjónustu er einnig krafist undanfarandi samkomulags við rekstraraðilann á flugvelli sem veitir slíka þjónustu vegna notkunar veitenda slíkar þjónustu á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur í samræmi við a- og b-lið.

B-KAFLI — VOTTUN (ADR.OR.B)

ADR.OR.B.005 Skyldur varðandi vottun flugvalla og rekstraraðila flugvallar

Áður en rekstur flugvallar hefst eða þegar undanþága í samræmi við 5. gr. hefur verið afturkölluð verður rekstraraðili flugvallar að fá viðeigandi skírteini sem lögbært yfirvald gefur út.

ADR.OR.B.015 Umsókn um skírteini

- a) Umsóknin um skírteini skal gerð á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður.
- b) Umsækjandi skal lögbæru yfirvaldi eftirfarandi í té:
 - 1) opinbert nafn, firmaheiti, heimilisfang og pósthfang umsækjanda,
 - 2) upplýsingar og gögn varðandi:
 - i. staðsetningu flugvallarins,
 - ii. tegund starfrækslu á flugvöllinum og

- iii. hönnun flugvallarins og flugvallarvirki, í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir sem Flugöryggisstofnunin setur fram,
 - 3) öll fyrirhuguð frábrigði frá viðeigandi tilgreindum vottunarforskriftum, sem Flugöryggisstofnunin setur fram,
 - 4) skjöl, sem sýna hvernig hann muni uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar; slík skjöl skulu innihalda verklagsreglu, sem er að finna í handbók flugvallarins, þar sem því er lýst hvernig meðhöndla eigi breytingar, sem krefjast ekki fyrirframsamþykkis, og hvernig eigi að tilkynna þær lögbæra yfirvaldinu; lögbæra yfirvaldið skal samþykkja fyrir fram síðari breytingar á þessari verklagsreglu,
 - 5) sannanir fyrir því að úrræðin til að reka flugvöllinn í samræmi við viðeigandi kröfur séu viðunandi,
 - 6) skrifleg sönnunargögn sem sýna fram á samband umsækjandans við eiganda flugvallarins og/eða landeigandann,
 - 7) nafn og viðeigandi upplýsingar um ábyrgðarmann og aðra tilnefnda aðila, sem krafist er samkvæmt ADR.OR.D.015 og
 - 8) afrit af flugvallarhandbókinni, sem gerð er krafa um í ADR.OR.E.005.
- c) Ef lögbæra yfirvaldið samþykkir það má leggja fram upplýsingarnar í 7. og 8. lið á síðari stigum, sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar áður en skirteinið er gefið út.

ADR.OR.B.025 Sýnt fram á að kröfurnar séu uppfylltar

- a) Rekstraraðili flugvallarins skal:
- 1) framkvæma og skrá þær aðferðir, skoðanir, prófanir og það öryggismat eða æfingar sem þörf er á og sýna lögbæra yfirvaldinu fram á:
 - i. að hann fari að tilkynntum vottunargrunni, vottunarforskriftum sem gilda um breytingu, þeim tilskipunum um öryggi sem við eiga og viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar,
 - ii. að flugvöllurinn og hindranafletir hans og varnarfletir, sem og önnur svæði sem tengjast flugvellinum, hafi engin þau sérkenni eða eiginleika sem gera starfsemina óörugga og
 - iii. að flugferlar fyrir flugvöllinn hafi verið samþykktir,
 - 2) leggja fyrir lögbæra yfirvaldið upplýsingar um þær aðferðir sem notaðar voru til að sýna fram á að kröfurnar séu uppfylltar og
 - 3) lýsa því yfir við lögbæra yfirvaldið að hann uppfylli kröfurnar í 1. lið a-liðar.
- b) Rekstraraðili flugvallarins skal geyma viðeigandi upplýsingar um hönnun, þ.m.t. teikningar, skoðanir, prófanir og aðrar viðeigandi skýrslur, og skulu þær vera tiltækar fyrir lögbæra yfirvaldið, í samræmi við ákvæði ADR.OR.D.035, og lagðar fram að ósk lögbæra yfirvaldsins.

ADR.OR.B.030 Skilmálar skirteinisins og sérréttindi handhafa skirteinis

Rekstraraðili flugvallar skal virða umfang og sérréttindi, sem skilgreind eru í skilmálum skirteinisins.

ADR.OR.B.035 Áframhaldandi gildi skirteinis

- a) Skirteini heldur gildi sínu að því tilskildu:
- 1) að rekstraraðili flugvallarins fullnægi áfram viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar og að flugvöllurinn samrýmist enn vottunargrunninum, að teknu tilliti til þeirra ákvæða sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í ADR.OR.C.020,

- 2) að lögbæru yfirvaldi verði veittur aðgangur að fyrirtæki rekstraraðilans, eins og skilgreint er í ADR.OR.C.015, til að staðfesta að viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar sé áfram fullnægt og
 - 3) að skírteinið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.
- b) Þegar skírteinið er lagt inn eða afturkallað skal því skilað tafarlaust til lögbæra yfirvaldsins.

ADR.OR.B.037 Áframhaldandi gildi yfirlýsingar frá veitanda hlaðstjórnunarþjónustu

Yfirlýsing, sem veitandi hlaðstjórnunarþjónustu sendir frá sér í samræmi við ADR.OR.B.060, heldur gildi sínu, að því tilskildu:

- a) að veitandi hlaðstjórnunarþjónustu og tilheyrandi virki fullnægi áfram viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, að teknu tilliti til ákvæða sem varða meðhöndlun frávíka, eins og tilgreint er í ADR.OR.C.020,
- b) að lögbæru yfirvaldi verði veittur aðgangur að fyrirtæki veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, eins og skilgreint er í ADR.OR.C.015, til að ákvarða hvort viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar séu áfram uppfylltar og
- c) að veitandi slíkrar þjónustu hafi ekki afturkallað yfirlýsinguna eða lögbæra yfirvaldið afskráð hana.

ADR.OR.B.040 Breytingar

- a) Allar breytingar:
 - 1) sem hafa áhrif á skilmála skírteinisins, vottunargrunn þess og flugvallarbúnað sem er mikilvægur m.t.t. öryggis eða
 - 2) sem hafa umtalsverð áhrif á þætti stjórnunarkerfis rekstraraðila flugvallarins, sem krafist er samkvæmt b-lið ADR.OR.D.005,krefjast fyrirframsamþykkis lögbæra yfirvaldsins.
- b) Fyrir aðrar breytingar, sem þarfnast fyrirframsamþykkis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, skal rekstraraðili flugvallar sækja um og hljóta samþykki, sem lögbært yfirvald gefur út.
- c) Umsóknin um breytingu, í samræmi við a- eða b-lið, skal lögð fram áður en slíkum breytingum er hrint í framkvæmd til þess að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort áfram sé farið að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar og að breyta, ef þörf er á, skírteininu og tengdum skilmálum skírteinisins sem því fylgja.

Breytinguna má aðeins hrinda í framkvæmd eftir móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við ADR.AR.C.040.

Á meðan á breytingunum stendur skal rekstraraðili flugvallarins starfa samkvæmt skilyrðunum sem lögbæra yfirvaldið samþykkir.

- d) Breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skulu meðhöndlaðar og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi, eins og skilgreint er í verklaginu sem samþykkt er af lögbæru yfirvaldi í samræmi við h-lið ADR.AR.C.035.
- e) Rekstraraðili flugvallarins skal láta lögbæra yfirvaldinu í té viðeigandi gögn í samræmi við f-lið ADR.OR.E.005.
- f) Sem hluti af stjórnunarkerfi sínu, sem skilgreint er í ADR.OR.D.005, skal sá rekstraraðili flugvallar sem leggur til breytingar á flugvelli, á starfrækslu hans, stjórnskipulagi eða stjórnunarkerfi:
 - 1) ákvarða víxl tengsl við alla hlutaðeigandi aðila og skipuleggja og framkvæma öryggismat í samstarfi við þessa aðila,

- 2) samræma forsendur og mildandi ráðstafanir við alla hlutaðeigandi aðila með kerfisbundnum hætti,
- 3) tryggja heildstætt mat á breytingunni, þ.m.t. nauðsynlegt samspil og
- 4) sjá til þess að fullgerð og gild rök, sönnunargögn og öryggisviðmiðanir verði fastsett og skjalfest í því skyni að styðja við öryggismatið og að breytingin stuðli að því að bæta öryggi þegar því verður við komið.

ADR.OR.B.050 Áframhaldandi samræmi við vottunarforskriftir Flugöryggisstofnunarinnar

Í kjölfar breytinga á vottunarforskriftum Flugöryggisstofnunarinnar skal rekstraraðili flugvallar:

- a) endurskoða vottunarforskriftirnar til að auðkenna þær forskriftir sem eiga við um flugvöllinn og
- b) ef við á, hefja breytingarferli í samræmi við ADR.OR.B.040 og framkvæma nauðsynlegar breytingar á flugvellinum.

ADR.OR.B.060 Yfirlýsing frá veitendum hlaðstjórnunarþjónustu

- a) Veitendur hlaðstjórnunarþjónustu, sem hafa fengið leyfi til að gefa út yfirlýsingu um hæfni sína og getu til að rækja þær skyldur sem tengjast þjónustunni sem þeir veita, skulu, í kjölfar samkomulags við rekstraraðila flugvallar um að veita slíka þjónustu á flugvelli:
 - 1) veita lögbæru yfirvaldi allar viðeigandi upplýsingar og lýsa því yfir að þeir uppfylli allar viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar, á því formi sem lögbært yfirvald ákveður,
 - 2) láta lögbæru yfirvaldi í té skrá yfir aðrar aðferðir sem notaðar voru til að uppfylla kröfur í samræmi við b-lið ADR.OR.A.015,
 - 3) viðhalda samræmi við gildandi kröfur og við upplýsingarnar sem veittar eru í yfirlýsingunni,
 - 4) tilkynna lögbæru yfirvaldi um allar breytingar á yfirlýsingu sinni eða þeim aðferðum sem notast er við til að uppfylla kröfur með því að leggja fram breytta yfirlýsingu og
 - 5) veita þjónustu sína í samræmi við flugvallarhandbókina og uppfylla öll viðeigandi ákvæði hennar.
- b) Áður en veitandi hlaðstjórnunarþjónustu hættir að veita slíka þjónustu skal hann tilkynna það lögbæru yfirvaldi og rekstraraðila flugvallarins.

ADR.OR.B.065 Rekstri hætt

Rekstraraðili sem hyggst hætta rekstri flugvallar skal:

- a) tilkynna það lögbæru yfirvaldi eins fljótt og unnt er,
- b) leggja slíkar upplýsingar fyrir viðeigandi veitanda upplýsingaþjónustu flugmála,
- c) afhenda lögbæru yfirvaldi skirteinið sama dag og rekstri er hætt og
- d) tryggja að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir að loftför noti flugvöllinn fyrir mistök, nema lögbæra yfirvaldið hafi samþykkt notkun flugvallarins í öðrum tilgangi.

C-KAFLI — VIÐBÓTARSKYLDUR REKSTRARAÐILA FLUGVALLA (ADR.OR.C)

ADR.OR.C.005 Skyldur rekstraraðila flugvalla

- a) Rekstraraðili flugvallar ber ábyrgð á öruggum rekstri flugvallar og viðhaldi hans í samræmi við:
 - 1) reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar,

- 2) skilmála skirteinisins,
 - 3) innihald flugvallarhandbókarinnar og
 - 4) allar aðrar handbækur fyrir flugvallarbúnað, sem er fyrir hendi á flugvöllum.
- b) Rekstraraðili flugvallarinnar skal tryggja eftirfarandi þjónustu, með beinum hætti eða fyrir tilstuðlan samkomulags við ábyrgðareiningar sem veita eftirfarandi þjónustu:
- 1) að viðeigandi flugleiðsöguþjónusta sé veitt miðað við umfang flugumferðar og rekstrarskilyrði á flugvöllum og
 - 2) að hönnun og viðhald flugferlanna samrýmist viðeigandi kröfum.
- c) Rekstraraðili flugvallarinnar skal starfa með lögbæru yfirvaldi til að tryggja að viðeigandi upplýsingar um öryggi loftfara komi fram í flugvallarhandbókinni og að þær séu birtar eftir því sem við á. Þetta felur í sér:
- 1) undanþágur eða frávik sem veitt eru frá viðeigandi kröfum,
 - 2) ákvæði, sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt jafngilt öryggisstig fyrir sem hluta af vottunargrunninum og
 - 3) sérstök skilyrði og takmarkanir að því er varðar notkun flugvallarinnar.
- d) Ef óöruggt ástand skapast á flugvöllum skal rekstraraðili flugvallarinnar tafarlaust grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að loftför noti ekki þá hluta flugvallarinnar sem teljast stofna öryggi í hættu.

ADR.OR.C.015 Aðgangur

Í þeim tilgangi að ákvarða hvort farið sé að viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar skal rekstraraðili flugvallarinnar og veitandi hlaðstjórnunarþjónustu veita öllum einstaklingum, sem hafa heimild lögbæra yfirvaldsins, aðgang:

- a) að öllum búnaði, skjölum, skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur starfsemi, sem fellur undir kröfuna um vottun eða yfirlýsingu, hvort sem um hana er verktakasamningur eða ekki og
- b) til að framkvæma eða vera vitni að aðgerðum, skoðunum, prófunum, mati eða æfingum, sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegt.

ADR.OR.C.020 Frávik og aðgerðir til úrbóta

Þegar rekstraraðili flugvallarinnar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu berst tilkynning um frávik skal hann:

- a) greina frumorsök þess að tilskildar kröfur hafi ekki verið uppfylltar,
- b) semja áætlun um aðgerðir til úrbóta og
- c) sýna lögbæra yfirvaldinu fram á innleiðingu úrbótanna, eins og það telur fullnægjandi, innan þess tíma sem samið var um við þetta yfirvald, eins og skilgreint er í d-lið ADR.AR.C.055.

ADR.OR.C.025 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli — ákvæði tilskipana um öryggi uppfyllt

Rekstraraðili flugvallarinnar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu skal hrinda í framkvæmd öllum öryggisráðstöfunum, þ.m.t. tilskipunum um öryggi, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um í samræmi við c-lið ADR.AR.A.030 og ADR.AR.A.040.

ADR.OR.C.030 Tilkynning atvika

- a) Rekstraraðili flugvallarinnar og veitandi hlaðstjórnunarþjónustu skulu senda lögbæra yfirvaldinu og hverjum aðila, sem ríkið þar sem flugvöllurinn er staðsettur, krefst að sé látinn vita, tilkynningu um öll slys, alvarleg flugatvik og atvik, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 ⁽⁴⁾ og tilskipun 2003/42/EB.

⁽⁴⁾ Stjótið. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35.

- b) Rekstraraðilinn skal senda lögbæra yfirvaldinu og aðilanum, sem er ábyrgur fyrir hönnun flugvallarbúnaðar, tilkynningu um allar bilanir, tæknigalla, frávik út fyrir tæknileg mörk, atvik eða aðrar óvenjulegar aðstæður, sem hafa haft eða kunna að hafa áhrif á öryggi, en hafa ekki haft í för með sér slys eða alvarlegt flugatvik, sbr. þó a-lið.
- c) Tilkynningarnar, sem um getur í a- og b-lið, skulu gerðar á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður og skulu innihalda allar mikilvægar upplýsingar um ástandið, sem rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu þekkir til, sbr. þó reglugerð (ESB) nr. 996/2010, tilskipun 2003/42/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 ⁽⁵⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1330/2007 ⁽⁶⁾.
- d) Tilkynningum skal skilað svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.
- e) Ef það á við skal rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu gera skýrslu til eftirfylgni til að veita ítarlegar upplýsingar um þær aðgerðir sem hann ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni, um leið og þessar aðgerðir liggja fyrir. Þessi skýrsla skal gerð á því formi og með þeim hætti sem lögbært yfirvald ákveður.

ADR.OR.C.040 Brunavarnir

Rekstraraðili flugvallar skal setja verklagsreglur til að banna:

- a) reykingar á athafnasvæðinu, öðrum starfrækslusvæðum á flugvellinum eða á svæðum flugvallarins þar sem eldsneyti eða önnur eldfim efni eru geymd,
- b) notkun opins elds eða ástundun starfsemi sem gæti skapað brunahættu á:
 - 1) svæðum flugvallarins þar sem eldsneyti eða önnur eldfim efni eru geymd,
 - 2) athafnasvæðinu eða öðrum starfrækslusvæðum á flugvellinum, nema rekstraraðili flugvallarins heimili þetta.

ADR.OR.C.045 Notkun áfengis, geðvirkra efna og lyfja

- a) Rekstraraðili flugvallar skal setja verklagsreglur um neyslu áfengis, geðvirkra efna og lyfja fyrir:
 - 1) starfsfólk, sem tekur þátt í starfrækslu flugvallarins, björgunar- og slökkvistarfi og viðhaldi flugvallarins,
 - 2) einstaklinga sem eru án fylgdar og starfa á athafnasvæðinu eða öðrum starfrækslusvæðum flugvallarins.
- b) Þessar verklagsreglur skulu fela í sér kröfur um að þessir einstaklingar skuli:
 - 1) ekki neyta áfengis á vakt sinni,
 - 2) ekki framkvæma nein skyldustörf undir áhrifum:
 - i. áfengis eða geðvirkra efna eða
 - ii. einhverra þeirra lyfja, sem geta haft áhrif á getu viðkomandi og stofna þannig öryggi í hættu.

D-KAFLI — STJÓRNUN (ADR.OR.D)

ADR.OR.D.005 Stjórnunarkerfi

- a) Rekstraraðili flugvallar skal innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem inniheldur öryggisstjórnunarkerfi.
- b) Stjórnunarkerfið skal innihalda:
 - 1) skýrt skilgreint ábyrgðarsvið og ábyrgðarskyldur hjá rekstraraðila flugvallar, þ.m.t. að yfirstjórnin beri beina ábyrgð á öryggi,

⁽⁵⁾ Stjótið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjótið. ESB L 295, 14.11.2007, bls. 7.

- 2) lýsingu á almennu viðhorfi og megináherslum rekstraraðila flugvallar, með tilliti til öryggis, sem nefnist öryggisstefnan og er undirrituð af ábyrgðarmanni,
 - 3) formlegt ferli sem tryggir auðkenningu á hættum í starfseminni,
 - 4) formlegt ferli sem tryggir greiningu, mat og mildun áhættu hvað varðar öryggisáhættur í rekstri flugvallar,
 - 5) aðferðir til að sannreyna öryggisframmistöðuna innan fyrirtækis rekstraraðila flugvallar með tilliti til frammistöðuvísa öryggis og frammistöðumarkmiða öryggis öryggisstjórnunarkerfisins og til að meta skilvirkni með stjórn öryggisáhættu,
 - 6) formlegt ferli til að:
 - i. auðkenna breytingar innan fyrirtækis rekstraraðila flugvallar, á stjórnunarkerfi hans, breytingar innan flugvallarins eða á rekstri hans, sem geta haft áhrif á þá ferla, verklagsreglur og þá þjónustu sem komið hefur verið á fót,
 - ii. lýsa fyrirkomulaginu til að tryggja öryggisframmistöðu áður en breytingar eru framkvæmdar og
 - iii. afnema eða breyta stjórn öryggisáhættu sem ekki er þörf á lengur eða er ekki lengur skilvirkt vegna breytinga á rekstrarumhverfinu,
 - 7) formlegt ferli til að endurskoða stjórnunarkerfið, sem um getur í a-lið, auðkenna orsakir þess að frammistaða öryggisstjórnunarkerfisins er ófullnægjandi, ákvarða hvaða afleiðingar slík frammistaða hefur á rekstur flugvallarins og eyða eða draga úr slíkum orsökum,
 - 8) þjálfunaráætlun um öryggismál sem tryggir að starfsfólk, sem kemur að rekstri, þjörgunar- og slökkvistarfi, viðhaldi og stjórnun flugvallarins, hafi viðeigandi þjálfun og hæfni til að sinna þeim skyldustörfum sem tengjast öryggisstjórnunarkerfinu,
 - 9) formlegar aðferðir fyrir öryggissamskipti, sem tryggja að starfsfólk sé að fullu meðvitað um öryggisstjórnunarkerfið, miðla upplýsingum sem eru mikilvægar með tilliti til öryggis og gera grein fyrir af hverju gripið er til tiltekinnar öryggisáðgerða og af hverju öryggisreglur eru innleiddar eða þeim breytt,
 - 10) samhæfingu öryggisstjórnunarkerfis og neyðaráætlunar flugvallarins og samhæfingu neyðaráætlunar flugvallarins og neyðaráætlunar þeirra sem rekstraraðilinn þarf að samtvinna starfsemi sína við meðan á veitingu flugvallarþjónustu fer fram og
 - 11) formlegan feril til að vakta að aðili uppfylli viðeigandi kröfur.
- c) Rekstraraðili flugvallarins skal skjalfesta öll lykilverli stjórnunarkerfisins.
- d) Stjórnunarkerfið skal vera í réttu hlutfalli við stærð fyrirtækisins og starfsemi þess, að teknu tilliti til hættu og tilheyrandi áhættu, sem fylgja þessari starfsemi.
- e) Þegar rekstraraðili flugvallar er einnig handhafi skirteinis til að veita flugleiðsöguþjónustu skal hann tryggja að stjórnunarkerfið nái yfir alla þá starfsemi sem fellur undir gildissvið skirteina hans.

ADR.OR.D.007 Stjórnun fluggagna og flugmálaupplýsinga

- a) Sem hluti af stjórnunarkerfi sínu skal rekstraraðili flugvallar innleiða og viðhalda gæðastjórnunarkerfi sem nær yfir:
- 1) starfsemi hans í tengslum við flugmálagögn og
 - 2) starfsemi hans í tengslum við veitingu flugmálaupplýsinga.
- b) Rekstraraðili flugvallar skal setja verklagsreglur til að uppfylla markmið um öryggis- og verndarstjórnun að því er varðar:
- 1) starfsemi í tengslum við flugmálagögn og
 - 2) starfsemi í tengslum við veitingu flugmálaupplýsinga.

ADR.OR.D.010 Útvistuð starfsemi

- a) Útvistuð starfsemi felur í sér alla starfsemi, sem samkvæmt skilmálum skirteinisins fellur undir gildissvið rekstraraðila flugvallarins, sem fer fram hjá öðrum aðila, sem hefur annaðhvort sjálfur fengið vottun til að stunda slíka starfsemi eða, ef hann hefur ekki fengið vottun, starfar með samþykki rekstraraðilans. Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að sú þjónusta, búnaður eða kerfi sem eru útvistuð eða aðkeypt uppfylli viðeigandi kröfur þegar einhver hluti starfseminnar er útvistaður eða aðkeyptur.
- b) Þegar rekstraraðili flugvallar útvistar hluta af starfsemi sinni til annars aðila, sem ekki hefur sjálfur fengið vottun til að sinna þessari starfsemi í samræmi við þennan hluta, skal aðilinn, sem samið er við, starfa innan ramma samþykkis rekstraraðilans og undir eftirliti hans. Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að aðilanum, sem samið er við, til að ákvarða hvort viðeigandi kröfur séu áfram uppfylltar.

ADR.OR.D.015 Kröfur varðandi starfsfólk

- a) Rekstraraðili flugvallar skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla starfsemi og að starfsemin geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur. Ábyrgðarmaðurinn skal bera ábyrgð á að koma á fót og viðhalda skilvirku stjórnunarkerfi.
- b) Rekstraraðili flugvallar skal tilnefna einstaklinga til að hafa umsjón með stjórnun og eftirliti á eftirfarandi sviðum:
- 1) rekstrarþjónustu flugvallarins og
 - 2) viðhaldi á flugvellinum.
- c) Rekstraraðili flugvallar skal tilnefna einstakling eða einstaklinga til að hafa umsjón með þróun, viðhaldi og daglegri stjórnun öryggisstjórnunarkerfisins.
- Þessir einstaklingar skulu starfa óháðir öðrum stjórnendum innan fyrirtækisins, þeir skulu hafa beinan aðgang að ábyrgðarmanninum og að öðrum einstaklingum sem bera ábyrgð á öryggismálum og skulu bera ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.
- d) Rekstraraðili flugvallar skal hafa nægilega margt og nægilega hæft starfsfólk til að áformuð verkefni og starfsemi geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur.
- e) Rekstraraðili flugvallar skal tilnefna nægilega marga verkstjóra fyrir skilgreind skyldu- og ábyrgðarstörf, að teknu tilliti til þess hvernig fyrirtækið er skipulagt og fjölda starfsfólks sem hann hefur í vinnu.
- f) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að starfsfólk, sem tekur þátt í rekstri, viðhaldi og stjórnun flugvallarins hafi fullnægjandi þjálfun í samræmi við þjálfunaráætlun.

ADR.OR.D.017 Áætlanir um þjálfun og hæfnipróf

- a) Rekstraraðili flugvallar skal koma á og framkvæma þjálfunaráætlun fyrir starfsfólk sem tekur þátt í rekstri, viðhaldi og stjórnun flugvallarins.
- b) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að einstaklingar sem eru án fylgdar og starfa á athafnasvæðinu eða öðrum starfrækslusvæðum flugvallarins, hafi fullnægjandi þjálfun.
- c) Rekstraraðili flugvallar skal, með hæfniprófum með reglulegu millibili, tryggja að einstaklingarnir, sem um getur í a- og b-lið hér að framan, hafi sýnt fram á getu sína til að framkvæma þau skyldustörf sem þeim eru falin til að tryggja áframhaldandi hæfi þeirra.
- d) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja:
- 1) að notast sé við kennara og matsmenn með tilskilin starfsréttindi og reynslu til að koma þjálfunaráætluninni í framkvæmd og
 - 2) að notuð sé hentug aðstaða og búnaður til að veita þjálfunina.

e) Rekstraraðili flugvallarins skal:

- 1) halda viðeigandi skrár um réttindi, þjálfun og hæfnipróf til að sýna fram á að þessar kröfur séu uppfylltar,
- 2) gera slíkar skrár aðgengilegar hlutaðeigandi starfsfólki samkvæmt beiðni, og
- 3) ef einstaklingur starfar hjá öðrum vinnuveitanda, gera slíkar skrár um þann einstakling aðgengilegar þessum nýja vinnuveitanda samkvæmt beiðni þar um.

ADR.OR.D.020 Kröfur um aðstöðu

- a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að viðunandi og viðeigandi aðstaða sé til staðar fyrir starfsfólk hans eða starfsfólk, sem starfar fyrir aðila, sem hann hefur gert verktakasamning við um veitingu rekstrar- og viðhaldsþjónustu á flugvöllinum.
- b) Rekstraraðili flugvallar skal tilnefna viðeigandi svæði á flugvöllinum sem nota á til að geyma hættulegan farm, sem fluttur er um flugvöllinn, í samræmi við Tæknilegu fyrirmælin.

ADR.OR.D.025 Samhæfing við aðra aðila

Rekstraraðili flugvallarins skal:

- a) tryggja að stjórnunarkerfi flugvallarins tryggi samhæfingu og samþættingu við öryggisverklag annarra aðila, sem starfa eða veita þjónustu á flugvöllinum, og
- b) tryggja að slíkir aðilar hafi í gildi öryggisverklag til að uppfylla viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar og kröfurnar sem mælt er fyrir um í flugvallarhandbókinni.

ADR.OR.D.027 Öryggisáætlanir

Rekstraraðili flugvallarins skal:

- a) koma á, leiða og framkvæma áætlanir til að efla öryggi og skipti á upplýsingum sem tengjast öryggismálum og
- b) hvetja aðila, sem starfa eða veita þjónustu á flugvöllinum, til að taka þátt í slíkum áætlunum.

ADR.OR.D.030 Kerfi fyrir öryggistilkynningar

- a) Rekstraraðili flugvallar skal koma á og innleiða kerfi fyrir öryggistilkynningar fyrir allt starfsfólk og alla aðila, sem starfa eða veita þjónustu á flugvöllinum, til þess að stuðla að öryggi á flugvöllinum og öruggri notkun hans.
- b) Í samræmi við 3. lið b-liðar ADR.OR.D.005 skal rekstraraðili flugvallar:
 - 1) krefjast þess að starfsfólkið og aðilarnir, sem um getur í a-lið, noti kerfið fyrir öryggistilkynningar í tengslum við skyldubundnar tilkynningar um slys, alvarleg flugatvik og atvik og
 - 2) tryggja að hægt sé að nota kerfið fyrir valkvæðar öryggistilkynningar um galla, bilanir og öryggishættur sem geta haft áhrif á öryggi.
- c) Öryggistilkynningakerfið skal halda leyndu nafni þess sem tilkynnir, hvetja til valkvæðra tilkynninga og bjóða upp á þann möguleika að tilkynningar séu lagðar fram nafnlaust.
- d) Rekstraraðili flugvallarins skal:
 - 1) skrá allar tilkynningar sem eru lagðar fram,
 - 2) greina og meta tilkynningarnar, eins og við á, til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum og greina leitni þeirra,

- 3) tryggja að allir aðilar, sem starfa og veita þjónustu á flugvöllum og sem skipta máli varðandi viðkomandi öryggisvanda, taki þátt í að greina slíkar tilkynningar og að allar tilgreindar ráðstafanir til úrbóta og/eða forvarna verði í raun framkvæmdar,
- 4) framkvæma rannsóknir á tilkynningum, eftir því sem við á og
- 5) forðast að ákveða hver beri sök í samræmi við meginreglurnar um „sanngirnismenningu“.

ADR.OR.D.035 Skráahald

- a) Rekstraraðili flugvallar skal koma á viðunandi kerfi fyrir skráahald, sem nær yfir alla starfsemi sem framkvæmd er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.
- b) Snið skráanna skal tilgreint í flugvallarhandbókinni.
- c) Varðveita skal skrár á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.
- d) Skjöl skulu geymd í a.m.k. fimm ár, nema eftirfarandi skjöl, sem skulu geymd eins og hér segir:
 - 1) vottunargrunnur fyrir flugvelli, aðrar aðferðir sem notaðar eru til að uppfylla kröfur og gildandi skirteini fyrir flugvelli eða rekstraraðila flugvallar, meðan skirteinið er í gildi,
 - 2) samkomulag við aðra aðila, meðan slíkt samkomuleg er í gildi,
 - 3) handbækur um flugvallarbúnað eða -kerfi, sem notuð eru á flugvöllum, meðan þau eru notuð á flugvöllum,
 - 4) skýrslur um öryggismat, meðan kerfið/verklagið/starfsemin er fyrir hendi,
 - 5) gögn um hjálfun, menntun og hæfi og heilsufarsskrá starfsfólks ásamt hæfnipróf þeirra, eftir því sem við á, í a.m.k. fjögur ár eftir starfslok eða þar til lögbæra yfirvaldið hefur gert úttekt á starfssviði þeirra og
 - 6) gildandi útgáfu skrárinnar yfir hættur.
- e) Allar skrár skulu falla undir gildandi lög um gagnavernd.

E-KAFLI — FLUGVALLARHANDBÓK OG -SKJÖL (ADR.OR.E)

ADR.OR.E.005 Flugvallarhandbók

- a) Rekstraraðili flugvallarins skal setja saman og viðhalda flugvallarhandbók.
- b) Innihald flugvallarhandbókarinnar skal endurspegla vottunargrunninn og kröfurnar sem settar eru fram í þessum hluta og í hluta ADR.OPS, eftir því sem við á, og skal ekki brjóta í bága við skilmála skirteinisins. Flugvallarhandbókin skal innihalda eða vísa til allra þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru fyrir örugga notkun, rekstur og viðhald flugvallarins, á búnaði hans sem og hindranafötum hans og hindranavarnarfötum og öðrum svæðum sem tengjast flugvöllum.
- c) Flugvallarhandbókina má gefa út í aðskildum hlutum.
- d) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að starfsfólk flugvallarins og starfsfólk annarra viðeigandi aðila hafi greiðan aðgang að þeim hlutum flugvallarhandbókarinnar sem skipta máli fyrir skyldustörf þeirra og ábyrgðir.
- e) Rekstraraðili flugvallarins skal:
 - 1) láta lögbæra yfirvaldinu í té fyrirhugaðar breytingar og leiðréttingar á flugvallarhandbókinni áður en þær taka gildi að því er varðar liði sem krefjast fyrirframsamþykkis í samræmi við ADR.OR.B.040 og sjá til þess að þær taki ekki gildi fyrir en lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt þær eða

- 2) láta lögbæra yfirvaldinu í té fyrirhugaðar breytingar og leiðréttingar á flugvallarhandbókinni fyrir gildistökudag þeirra, ef tillagan að breytingum eða leiðréttingum á flugvallarhandbókinni krefst aðeins að lögbæra yfirvaldinu sé tilkynnt um það í samræmi við d-lið ADR.OR.B.040 og b-lið ADR.OR.B.015.
- f) Reynist nauðsynlegt að láta gera breytingar eða leiðréttingar af öryggisástæðum er heimilt að birta þær og beita þeim tafarlaust, að því tilskildu að sótt hafi verið um tilskilið samþykki, þrátt fyrir ákvæði e-liðar.
- g) Rekstraraðili flugvallarins skal:
 - 1) endurskoða innihald flugvallarhandbókarinnar, sjá til þess að hún sé uppfærð og henni breytti hvenær sem nauðsyn krefur,
 - 2) bæta inn öllum breytingum og leiðréttingum sem lögbæra yfirvaldið gerir kröfu um og
 - 3) láta allt starfsfólk flugvallarins og aðra viðeigandi aðila vita um allar breytingar sem skipta máli fyrir skyldu- og ábyrgðarstörf þeirra.
- h) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að upplýsingar, sem fengnar eru úr samþykktum skjölum og allar breytingar á þeim, komi rétt fram í flugvallarhandbókinni. Þetta kemur ekki í veg fyrir að rekstraraðili flugvallar geti birt strangari kröfur um gögn og verklagsreglur í flugvallarhandbókinni.
- i) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess:
 - 1) að flugvallarhandbókin sé skrifuð á tungumáli sem lögbæra yfirvaldið samþykkir og
 - 2) að allt starfsfólk geti lesið og skilið tungumálið sem þeir hlutar flugvallarhandbókarinnar og annarra rekstrargagna, sem lúta að skyldu- og ábyrgðarstörfum þeirra, eru skrifaðir á.
- j) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að flugvallarhandbókin:
 - 1) sé undirrituð af ábyrgðarmanni flugvallarins,
 - 2) sé prentuð eða á rafrænu formi og auðvelt að leiðrétta,
 - 3) hafi kerfi fyrir útgáfueftirlit, sem er notað og gert sýnilegt í flugvallarhandbókinni og
 - 4) taki tillit til meginreglna um mannlega þætti og sé skipulögð þannig að auðvelt sé að undirbúa hana, nota og endurskoða.
- k) Rekstraraðili flugvallar skal geyma a.m.k. eitt fullklárað og gildandi afrit af flugvallarhandbókinni á flugvöllum og gera hana aðgengilega fyrir lögbæra yfirvaldið til skoðunar.
- l) Innihald flugvallarhandbókarinnar skal vera sem hér segir:
 - 1) almenn atriði,
 - 2) stjórnunarkerfi flugvallar, kröfur um hæfi og þjálfun,
 - 3) sérstakar upplýsingar um flugvallarsvæðið,
 - 4) sérstakar upplýsingar um flugvöllinn, sem krafist er að séu tilkynntar til upplýsingaþjónustu flugmála og
 - 5) sérstakar upplýsingar um verklagsreglur flugvallarins, um búnað hans og öryggisráðstafanir.

ADR.ORE.010 Kröfur um skjöl

- a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja aðgengi að öllum öðrum skjölum, sem gerð er krafa um, og tengdra breytinga.
- b) Rekstraraðili flugvallar skal vera fær um að dreifa rekstrarfyrirmælum og öðrum upplýsingum án tafar.

IV. VIÐAUKI

Rekstrarlegar kröfur — flugvellir (ADR.OPS-hluti)

A-KAFLI — FLUGVALLARGÖGN (ADR.OPS.A)

ADR.OPS.A.005 Flugvallargögn

Rekstraraðili flugvallar skal, eins og við á:

- a) ákvarða, skjalfesta og viðhalda gögnum um flugvöllinn og þá þjónustu sem boðið er upp á,
- b) leggja fram gögn um flugvöllinn og þá þjónustu sem boðið er upp á fyrir notendur og viðeigandi veitendur flugumferðarþjónustu og upplýsingaþjónustu flugmála.

ADR.OPS.A.010 Kröfur um gagnagæði

Rekstraraðili flugvallar skal koma á formlegu fyrirkomulagi við þá aðila sem hann skiptist á fluggögnum og/eða flugmálaupplýsingum við.

- a) Rekstraraðili flugvallar skal leggja fram öll gögn um flugvöllinn og þá þjónustu sem er í boði og skulu gæði þeirra og heilleiki samræmast kröfum.
- b) Þegar gögn um flugvöllinn og þá þjónustu sem er í boði eru birt, skal rekstraraðili flugvallar:
 - 1) vakta gögn, sem eiga uppruna sinn hjá rekstraraðila flugvallarins, um flugvöllinn og þá þjónustu sem er í boði og sem viðkomandi veitendur flugumferðarþjónustu og veitendur upplýsingaþjónustu flugmála koma á framfæri,
 - 2) tilkynna viðkomandi veitendum upplýsingaþjónustu flugmála um allar breytingar sem gera þarf til að tryggja að gögn, sem eiga uppruna sinn hjá rekstraraðili flugvallar, um flugvöllinn og þá þjónustu sem er í boði séu rétt og fullkláruð,
 - 3) tilkynna viðkomandi veitendum flugumferðarþjónustu og upplýsingaþjónustu flugmála þegar birt gögn, sem eiga uppruna sinn hjá rekstraraðila flugvallar, eru ekki rétt eða eiga ekki við.

ADR.OPS.A.015 Samhæfing milli rekstraraðila flugvallar og veitenda upplýsingaþjónustu flugmála

- a) Til að tryggja að veitendur upplýsingaþjónustu flugmála fái upplýsingar til að gera þeim kleift að veita uppfærðar upplýsingar fyrir flug og uppfylla þörf fyrir upplýsingar meðan á flugi stendur, skal rekstraraðili flugvallar gera ráðstafanir til að viðkomandi veitendur upplýsingaþjónustu flugmála fái, eins fljótt og hægt er tilkynningar um eftirfarandi:
 - 1) upplýsingar um ástand flugvallar, brottflutning óökufærra loftfara, björgunar- og slökkviþjónustu og aðflugs-hallaljós,
 - 2) starfhæfi tilheyrandi aðstöðu, þjónustu og flugleiðsögutækja á flugvöllum,
 - 3) allar aðrar upplýsingar sem teljast mikilvægar starfrækslunni.
- b) Áður en gerðar eru breytingar á flugleiðsögukerfinu skal rekstraraðili flugvallar taka tilhlýðilegt tillit til þess tíma sem viðkomandi upplýsingaþjónusta flugmála þarf til undirbúnings, gerðar og útgáfu viðeigandi efnis til dreifingar.

B-KAFLI — REKSTRARÞJÓNUSTA, TÆKI OG BÚNAÐUR Á FLUGVELLI (ADR.OPS.B)

ADR.OPS.B.001 Veiting þjónustu

Rekstraraðili flugvallar skal veita, annaðhvort með beinum eða óbeinum hætti, þjónusturnar, sem tilgreindar eru í B-kafla þessa viðauka, á flugvöllum.

ADR.OPS.B.005 Neyðaráætlun fyrir flugvöll

Rekstraraðili flugvallar skal vera með og innleiða neyðaráætlun fyrir flugvöll sem:

- a) er í samræmi við þá starfrækslu loftfara og aðra starfsemi sem fram fer á flugvöllum,
- b) kveður á um samhæfingu viðeigandi aðila til að bregðast við neyðarástandi, sem á sér stað á flugvöllum eða í grennd við hann, og
- c) inniheldur verklagsreglur fyrir reglubundnar prófanir á því hvort áætlunin sé viðunandi og endurskoðun á niðurstöðunum til að auka skilvirkni áætlunarinnar.

ADR.OPS.B.010 Björgunar- og slökkvistörf

- a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja:
- 1) að til staðar sé björgunar- og slökkviaðstaða, búnaður og þjónusta fyrir flugvelli,
 - 2) að viðunandi búnaður, slökkviefni og nægilegur fjöldi starfsfólks séu tiltæk tímanlega,
 - 3) að starfsfólk björgunar- og slökkviþjónustu hafi tilskilin búnað, hæfi og þjálfun til að starfa á flugvallarsvæðinu og
 - 4) að starfsfólk björgunar- og slökkviþjónustu, sem þarf mögulega að bregðast við neyðarástandi í tengslum við flug, sýni fram á heilbrigði til að geta gegnt með fullnægjandi hætti skyldustörfum sínum, að teknu tilliti til tegundar starfrækslu.
- b) Rekstraraðili flugvallar skal koma á og framkvæma þjálfunaráætlun fyrir einstaklinga sem taka þátt í björgunar- og slökkviþjónustu á flugvellingum.
- c) Rekstraraðili flugvallar skal framkvæma hæfnipróf með nægjanlegu millibili til að tryggja stöðuga hæfni.
- d) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja:
- 1) að notast sé við kennara og matsmenn með fullnægjandi hæfi og reynslu til að innleiða þjálfunaráætlunina og
 - 2) að notuð sé hentug aðstaða og búnaður til að veita þjálfunina.
- e) Rekstraraðili flugvallarins skal:
- 1) halda viðeigandi skrár um hæfi, þjálfun og hæfnipróf til að sýna fram á að þessar kröfur séu uppfylltar,
 - 2) gera slíkar skrár aðgengilegar hlutaðeigandi starfsfólki, samkvæmt beiðni, og
 - 3) ef einstaklingur starfar hjá öðrum vinnuveitanda, gera slíkar skrár um þann einstakling aðgengilegar þessum nýja vinnuveitanda samkvæmt beiðni þar um.
- f) Ekki er krafist fyrirframsamþykkis lögbæra yfirvaldsins þegar verndarstig björgunar- og slökkviþjónustu á flugvelli skerðist tímabundið vegna ófyrirséðra aðstæðna.

ADR.OPS.B.015 Vöktun og skoðun á athafnasvæði og tilheyrandi virkjum

- a) Rekstraraðili flugvallar skal vakta ástand athafnasvæðisins og starfhæfi tilheyrandi virkja og tilkynna viðkomandi veitendum flugumferðarþjónustu og veitendum upplýsingaþjónustu flugmála um mál, sem eru mikilvæg starfhæfinu, hvort sem ástandið er tímabundið eða varanlegt.
- b) Rekstraraðili flugvallar skal framkvæma reglulegar skoðanir á athafnasvæðinu og tilheyrandi virkjum.

ADR.OPS.B.020 Dregið úr hættunni á árekstri við villtar lífverur

Rekstraraðili flugvallarins skal:

- a) meta hættuna sem stafar af villtum lífverum á flugvelli og í nágrenni hans,
- b) koma á aðferðum og verklagsreglum til að lágmarka hættuna á árekstrum villtra lífvera við loftför á flugvellingum
- c) tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum ef mat á villtum lífverum gefur til kynna að aðstæður í nágrenni flugvallarins auki hættuna á árekstri við villtar lífverur.

ADR.OPS.B.025 Starfræksla ökutækja

Rekstraraðili flugvallar skal setja og taka í notkun verklagsreglur um þjálfun, mat og leyfisveitingar fyrir alla stjórnendur ökutækja sem starfa á athafnasvæðinu.

ADR.OPS.B.030 Leiðsögu- og stjórnkerfi fyrir umferð á jörðu niðri

Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að á flugvellingum sé til staðar leiðsögu- og stjórnkerfi fyrir umferð á jörðu niðri.

ADR.OPS.B.035 Starfræksla að vetrarlagi

Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að aðferðir og verklagsreglur séu settar og teknar í notkun sem tryggja örugg skilyrði fyrir starfrækslu flugvallarins að vetrarlagi.

ADR.OPS.B.040 Starfræksla að nóttu til

Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að aðferðir og verklagsreglur séu settar og teknar í notkun sem tryggja örugg skilyrði fyrir starfrækslu flugvallarins að nóttu til.

ADR.OPS.B.045 Starfræksla í lélegu skyggni

- a) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að aðferðir og verklagsreglur séu settar og teknar í notkun sem tryggja örugg skilyrði fyrir starfrækslu flugvallar í lélegu skyggni.
- b) Verklag í lélegu skyggni krefst fyrirframsamþykkis lögbæra yfirvaldsins.

ADR.OPS.B.050 Starfræksla við óhagstæð veðurskilyrði

Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að aðferðir og verklagsreglur séu settar og teknar í notkun sem tryggja örugg skilyrði fyrir starfrækslu flugvallar við óhagstæð veðurskilyrði.

ADR.OPS.B.055 Gæði eldsneytis

Rekstraraðili flugvallar skal sannreyna að aðilar, sem sjá um að geyma eldsneyti og sjá loftförum fyrir eldsneyti, hafi til staðar verklagsreglur til að tryggja að loftförum sé útvegað ómengað eldsneyti og af réttu tegund.

ADR.OPS.B.065 Sjónræn leiðsögutæki og rafkerfi flugvalla

Rekstraraðili flugvallar skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að sjónræn leiðsögutæki og rafkerfi flugvallarins starfi eins og til er ætlast.

ADR.OPS.B.070 Öryggi við störf á flugvelli

- a) Rekstraraðili flugvallar skal setja og taka í notkun verklagsreglur til að tryggja:
 - 1) að störf á flugvelli hafi ekki áhrif á öryggi loftfara og
 - 2) að öryggi við störf á flugvelli hafi ekki áhrif á starfrækslu flugvallar.

ADR.OPS.B.075 Öryggisvöktun á flugvöllum

- a) Á flugvöllum og nágrenni hans skal rekstraraðili flugvallar vakta:
 - 1) hindranafleti og hindranavarnarfleti, sem ákveðnir eru í samræmi við vottunargrunninn, og aðra fleti og svæði sem tengjast flugvöllum, í því skyni að grípa til viðeigandi aðgerða, innan sinna heimilda, til að draga úr áhættu í tengslum við það þegar farið er inn á þessa fleti eða svæði,
 - 2) hindranamerkingar og hindranalýsingu til að hann geti gripið til aðgerða innan sinna heimilda, eins og við á og
 - 3) hættur sem skapast vegna starfsemi manna og landnotkunar til að grípa til aðgerða innan sinna heimilda, eins og við á.
- b) Rekstraraðili flugvallar skal hafa til staðar verklagsreglur til að draga úr áhættum sem tengjast hindrunum, nýbyggingum og annarri starfsemi á vöktuðu svæðunum sem gætu haft áhrif á örugga starfrækslu loftfara, sem eru starfrækt á flugvöllum eða er flogið til eða frá flugvöllum.

ADR.OPS.B.080 Merkingar og lýsingar farartækja og annarra hreyfanlegra hluta

Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að ökutæki og aðrir hreyfanlegir hlutir á athafnasvæði flugvallarins, að undanskildum loftförum, séu merkt, og ef farartækin eru notuð að nóttu eða í lélegu skyggni, að þau séu upplýst. Heimilt er að undanskilja búnað til þjónustu loftfara og ökutækja sem eru aðeins notuð á hlaði.

ADR.OPS.B.090 Notkun flugvallar fyrir loftför með hærri viðmiðunarkóða

- a) Einungis þegar um er að ræða neyðarástand loftfars getur rekstraraðili flugvallar leyft, að fengnu fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins, notkun flugvallarins eða hluta hans fyrir loftfar með hærri viðmiðunarkóða en tilgreint er í hönnunareiginleikum flugvallarins í skilmálum skirteinisins.
- b) Þegar sýnt er fram á að ákvæði a-liðar séu uppfyllt gilda ákvæði ADR.OR.B.040.

C-KAFLI — VIÐHALD Á FLUGVÖLLUM (ADR.OPS.C)**ADR.OPS.C.005 Almenn**

Rekstraraðili flugvallar skal koma á fót og innleiða viðhaldsáætlun, þ.m.t. fyrirbyggjandi viðhald, eftir því sem við á, til að halda flugvallarvirkjum við svo þau uppfylli grunnkröfur sem settar eru fram í V. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

ADR.OPS.C.010 Slitlag, aðrir fletir við jörðu og frárennsli

- a) Rekstraraðili flugvallar skal skoða fleti allra athafnasvæða, þ.m.t. slitlag (flugbrautir, akbrautir loftfara og hlöð), aðliggjandi svæði og frárennsli til að meta reglulega ástand þeirra, sem hluti af áætlun flugvallarins um fyrirbyggjandi viðhald og viðgerðir.
- b) Rekstraraðili flugvallarins skal:
 - 1) halda flötum á athafnasvæðum við með það að markmiði að koma í veg fyrir og fjarlægja alla lausa hluti og rusl sem gætu valdið skemmdum á loftförum eða skaðað starfhæfi kerfa í loftförum,
 - 2) halda flötum flugbrauta, akbrautum og hlöðum við til að koma í veg fyrir að skaðlegar ójöfnur myndist,
 - 3) grípa til viðgerða þegar núningseiginleikar, annaðhvort allrar flugbrautarinnar eða hluta hennar, eru undir núningismörkum þegar hún er óspillt. Tíðni þessara mælinga skal vera þannig að það sé fullnægjandi til að ákvarða leitni núningseiginleika yfirborðs flugbrautarinnar.

ADR.OPS.C.015 Sjónræn leiðsögutæki og rafkerfi

Rekstraraðili flugvallar skal koma á fót og tryggja innleiðingu kerfis fyrir fyrirbyggjandi viðhald og viðgerðir sjónrænna leiðsögutækja og rafkerfa til að tryggja tiltækileika og áreiðanleika ljósakerfa og merkinga og að þau uppfylli tilskilin ákvæði.
